

Mie Schrøder og Louise Holst Tollan

Ellen M. Tudor Edwards, Mona Evelyn Flognfeldt og Elisabeth Moen

Yes we can 5

Teacher's Book



Mie Schröder og Louise Holst Tollan

Ellen M. Tudor Edwards, Mona Evelyn Flognfeldt og Elisabeth Moen

Yes we can 5

Teacher's Book

Prentað efni

Nemendabók

- tekur til umfjöllunar mikilvæg og hvetjandi efni sem og alþjóðlegan vanda
- kynnir nemendur fyrir mismunandi tegundum texta
- hvetur nemendur til að vinna með námsmat á skapandi hátt
- tryggir kerfisbundið tungumálanám með hlustun, lestri og málnotkun nemenda

Verkefnabók

- inniheldur munnleg og skrifleg verkefni
- setur málfræði í skýrt samhengi við texta
- inniheldur matsverkefni
- hvetur til upprifjunar og samtals um eigið nám

Vefsvæði

Yes we can til nemenda

- inniheldur krækjur við allar kveikjumyndir til að hlusta
- hefur að geyma allar hljóðskrár, þ.á.m. texta og söngva
- gagnvirk verkefni
- krækjur sem snerta námsefnið

Kennsluleiðbeiningar

- innihalda tillögur um hvernig leggja má fram efni kaflanna
- fela í sér yfirlit yfir alla hlustunartexta
- innihalda tillögur um vinnu með námsmat
- tillögur að heimanámi

Yes we can til kennarans

- inniheldur aðgang að nemendasvæði
- aðgang að nemenda- og verkefnabók á rafbókarformi
- aðgang að viðbótarefni til útprentunar, yfirlit yfir útprentanlegt efni er aftast í bókinni
- lausnir við verkefni
- ársáætlun og yfirlit yfir hvernig vinna má út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla fyrir erlend tungumál.

Efnisyfirlit

Til kennarans 3

Að læra á kennsluleiðbeiningarnar 5

Að gera kennsluna sem besta 8

Talaðu ensku og haltu samræðum gangandi 8

The 100 magic words 9

Málfræðilegt samhengi 9

Samvinnunám 9

Áhersla á leiðsagnarmat 10

English at home 11

Kennslufræðilegar hugleiðingar 12

Að uppgötva enskuna 12

Málörvun og framfarir 12

Hljóðkerfisvitund og lestrarfærni 13

Námsaðferðir 13

Málfar í Yes we can 14

Yfirlit yfir orðaforða 15

1 What's your sport? 16

2 Wizards and witches 24

3 A trip to London 30

4 Wild animals 36

5 My passion 42

6 Collectors 48

7 Save the oceans 54

Yfirlit yfir efni til útprentunar og spil fyrir samvinnunám 59

Til kennarans

Í kennsluleiðbeiningum er yfirlit yfir hvernig vinna má með kennslufnið *Yes we can 5*. Námsefnið er ólíkt fyrri bókum í flokknum að því leyti að nemendur fá nú bæði nemendabók og verkefnabók. Nemendur lesa texta sem eru fjölbreyttir hvað efnistöð varðar, lengd og erfiðleikastig. Efninu er ætlað að hvetja nemendur áfram með fjölda verkefna, bæði munnlegum og skriflegum, sem leggja áherslu á aukningu orðaforða, mál og málnotkun og leiðsagnarmat sem veitir nemandanum leiðbeinandi upplýsingar um framvindu námsins og áframhaldandi markmið.

Endurtekning og gagnsæ orð

Tungumálafærni nemenda eykst með nýjum orðum og algengum setningamyndum og með endurtekningu þekktra orða og setninga. Skilningur á mæltu máli er grunnur tungumálanáms og grundvöllur lestrar og ritunar á nýju tungumáli. Nemendur þurfa að þekkja og skilja orðin áður en þeir geta tekið þau í notkun. Í *Yes we can 5* er, athyglinni beint að endurtekningu orða og setningagerð. Aukin áhersla er á lestur og ritun út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Nemendur vinna markvisst með orðaforða út frá efnistöðum og fá tækifæri til að tjá sig á ýmsan máta, bæði munnlega og skriflega. Um leið verða þeir meðvitaðri um hvaða hlustunar- og lestraraðferðum þeir geta beitt sér til ávinnings og reglulega eru þeir hvattir til að vera meðvitaðir um og taka afstöðu til eigin náms.

Nærumhverfið og heimsmálin

Í *Yes we can 5* er lögð áhersla á að veita nemendum menningarlega innsýn með völdum viðfangsefnum sem standa nemendum nærri og hafa auk þess alþjóðlega nálgun. Það er mikilvægt að vekja nemendur til umhugsunar um hvers vegna enska er alheimstungumál og hvers vegna er nytsamlegt að læra hana. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna gáttir að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum og ólíkum lífnaðarháttum og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu.

Málfræði

Í *Yes we can 5* vinna nemendur með málfræði út frá samhengi við texta og innihald kaflanna. Í upphafi hvers kafla eru málfræðiáherslur kaflans kynntar og farið yfir þær sameiginlega. Í kjölfarið vinna nemendur sjálfstætt að verkefnum bæði í verkefnabók og á vef. Með dæmum og verkefnum fá nemendur kynningu á þeim orðum og setningum sem þeir vinna síðan með í textum og viðfangsefnum kaflans. Í matshlutunum *Let's go* metur nemandinn svo hvort hann hefur náð að tileinka sér málfræðihluta kaflans.

Námsmat

Nemendur vinna markvisst að mati á eigin námi og eru hvattir til að íhuga og ræða hvernig þeir læra best og hvaða áskorunum þeir mæta í textum og verkefnum. Leiðsagnarmat fer fram samhliða náminu sjálfu og er hluti af vinnu nemenda með skapandi verkefnum, matssíðum, samvinnunámi, auka-verkefnum og samtölum innan bekkjarins. Námsefnið býður upp á skýrt samhengi milli náms, kennslu og námsmats og lagt er upp með að námsmatið sé leiðbeinandi, hvetjandi og upplýsandi. Staða nemandans er metin jafnóðum með samvinnu nemanda og kennara og út frá henni metið hvernig næstu skref í náminu skulu vera.

Kennsluleiðbeiningar

Kennsluleiðbeiningarnar gefa yfirsýn yfir innihald hvers kafla, þ. á m. orð og setningagerð, munnlegar áherslur og framburðarreglur. Efni kaflans er kynnt ásamt ábendingum og hugmyndum um hvernig vinna megi með hvert viðfangsefni fyrir sig. Skýrt yfirlit er yfir samhengi nemendabókar og verkefnabókar ásamt hlustunarefni og hugmyndum að heimanámi í ensku. Kennsluleiðbeiningunum er ætlað að vera nytsamlegt verkfæri í daglegu starfi enskukennarans. Kennarar eru eindregið hvattir til að kynna sér innihald þeirra og uppbyggingu vel fyrir notkun *Yes we can* efnisins og hafa þær við höndina í undirbúningi, kennslu og úrvinnslu. Þannig fá bæði kennarar og nemendur mest út úr námsefninu í heild sinni.

Uppbygging kennsluleiðbeininga

2

Wizards and witches

Í **Wizards and Witches** er unnið með orðaforða sem m.a. tengist hrekkjavökunni en textinn býður einnig upp á samræður um nornir og tröll og draugalega heima. Útgangspunktur kaflans er í hinu ævintýrlega, fantasíuheiminum, með ljóðum og textum um nornir og galdrakarla. Nemendur kynnst tungubrjótum og æfa sig í framburði á w. Þeir skoða einnig myndir með lýsingu á hrekkjavöku í skoska sögu um Culzean og texta um Borgarvirki. Þeir taka þátt í samtali á milli Jacobs og frænda hans um hvernig haldið er upp á hrekkjavökuna í Bandaríkjunum. Í kjölfarið er tilvalið að sýna hvernig haldið er upp á Halloween í Bandaríkjunum. Aftast í kaflanum er önnur uppskrift: *Halloween drink*.

Hér er almenn kynning á efni kaflans og sjá má hvaða orð, setningagerð og málfræðiatríði er unnið með.

Orð og setningagerðir kaflans

- *Witch, wizard, ghost, dragon, toad, castle, cave, wand, brave, scared*
- *There is ...*
- *There are ...*
- *How do you ...?*

Málfræðileg áhersla

- Framburður og stafsetning

Framburður og stafsetning

- /w/ og /v/ *witch, very*
- /ei/ *cave, brave*
- /i/ *happy, he, she*

Verkefnabók bls. 16-17

Námsmarkmið

Soon

- I can use adjectives and de
- I can talk about Halloween
- I can use pronouns when I t

Allir kaflar byrja á yfirliti yfir þau námsmarkmið sem nemendur vinna að. Á vefsvæðinu er yfirlit yfir þau hæfniviðmið sem unnið er með hverju sinni, breytileg kennslumarkmið og dæmi um nám.

Í þessum kafla æfa nemendur sig í að nota persónufornöfn. Unnið er með þau bæði í kyni og tölu. Á þessu þrepi er mikilvægast að nemendur séu meðvitaðir um samhengið á milli máls og málfræði og venji sig á taka eftir því sem er líkt og ólíkt m.t.t. annarra tungumála. Á yfirlitinu á bls. 16 í verkefnabókinni sjá nemendur að persónufornafnið *you* er eins í eintölu og fleirtölu og að það er bara ein mynd fyrir 3. pers. ft.: *they*.

Skoðið myndirnar og lesið setningarnar saman. Látið nemendur finna og benda á mismunandi fornöfn og biðjið þá að athuga sérstaklega hvernig fornöfnin eru notuð í eintöku samhengi. Lítið aftur á töfluna neðst á síðunni og látið nemendur koma með dæmi um setningar þar sem fornöfnin koma fyrir.

Þrátt fyrir að fornöfnin *he, she* og *we* séu borin fram með löngu sérhljóði /i:/, þegar lögd er áhersla á þau og/eða þau standa ein, er betra að lýsa hljóðinu sem stuttu /i/, einkum þar sem það er algengur framburður í talmáli.

A Circle the pronouns

Lestu textann og dragðu hring utan um öll fornöfnin.

B Write the correct pronouns

Skrifaðu réttu fornöfnin í eyðurnar. Veldu fornöfn úr rammanum. Sum eru notuð oft. Þegar nemendur hafa leyst verkefnið og skrifað fornöfnin inn í textann er hægt að skiptast á að lesa textann og lesa upp sérnöfnin Veronica og Vernon í staðinn fyrir fornöfnin. Nemendur uppgötva samstundis hvernig textinn breytist og verður tilbreytingarlaus og flatur.

Nemendur fara frá því þekkta til hins óþekkta með því að leita að orðum sem líkjast á íslensku og ensku (gagnsæ orð). Orð og hugtök sem nemendur hafa þegar lært koma aftur fyrir og eru notuð í nýju samhengi í öllu efninu.

Nemendabók bls

Kveikjumyndin

Byrjaðu alltaf á því að vinna myndina og notaðu hana til að tala á ensku.

- Tell me, what can you see in this picture?
- What are the children doing?
- What do you think this chapter is about?

Nemendur þekkja mörg áhersluorðanna og geta gefið dæmi um hvernig hægt er að nota þau.

- Where do we often meet a dragon or a toad?
- Who lives in a castle?
- Find the witch. What can you tell about her?

Ný orð og setningagerðir

Hlustið á æfingaorðin og láttu nemendur vinna með þau. Þeir geta endurtekið orðin eða notað þau í setningar sem þeir búa sjálfir til:

- **Witch.** The witch has a cat.
- **Wizard.** The wizard has a hat and a wand.

Notið setningagerðirnar og nemendur svara á sinn hátt:

- How do you get to the castle if you're a witch? Yes, that's right. You fly!
- To do a magic trick, you need a wand. Tell me where you can find a wand. There is ...
- How ...
- cost ...
- Emr ...

Hugmyndir að spurningum á ensku og verkefnum til að koma af stað samræðum um kveikjumyndina.



koðið kveikjumyndina

Myndina saman og spilið hlustunartextar. Nemendur benda á persónur og hlustunartextar til setningar um myndina þegar þeir tala á alla texta.

Hlustunartextar fyrir kveikjumyndina

1. Look, I can see the castle now. We are almost there, Evie! But what is that sound? It sounds like a big bird flying. It's a witch! I'm scared. Can you see the witch? Write 1.
2. There are many rooms in the castle. The princess's room has a big window. Can you spot the princess looking out of the window? Write 2.
3. Listen, I can hear a sound. It is "Boo!" Where does the sound come from? Who is making that sound? Maybe it is a ghost? Please help me. Where is it? Write 3.
4. What's that little green thing? It looks like a toad. It's jumping. Can you put your finger on the toad? Write 4.
5. I wonder what kind of food the wizard is making. He is in his castle, in his kitchen. There is a witch in there, too. She is helping the wizard. Can you see the wizard and the witch? Write 5.
6. Oh, look over there! A big animal with fire coming out of its mouth! Look, it has very big teeth, too. And it has wings. Is it a bird? A very big bird? No! Oh, help! It's a dragon! Do you see it? Write 6.

Yfirlit yfir hlustunarefni fyrir kveikjumyndina. Lestu það upp fyrir nemendur eða spilaðu það af vefsvæðinu. Enskumælandi börn og fullorðnir lesa textana.

Í *English at home*-hlutanum eru dæmi um hvernig nemendur geta unnið áfram með ensku í heimanámi. Verkefni byggja á nemendabókinni og gefa nemendum möguleika á að vinna áfram með orðaforða, setningagerðir og ákveðin verkefni. Það er skýrt sambengi á milli verkefnanna og efnisins í nemendabókunum. Hægt er að prenta verkefni út en nemendur geta einnig nálgast þau á vefsvæðinu. Fyrirmæli eru í kennsluleiðbeiningunum.

standa upp og minna sér nýjan stað. Nemandinn í miðjunni reynir að næla sér í auðan stól. Sá nemandi sem ekki fær sæti segir nýja setningu með *I like everyone who likes ...* íþrótt.

Verkefnabók bls. 9-10

7 Read and write

Lestu *Join my diving club* í nemendabókinni á bls. 10 og svaraðu spurningunum.

8 Circle the verbs and write sentences

Dragðu hring utan um sagnorðin. Skrifðu sagnorðin á línurnar þannig að setningarnar verði réttar.

9 What do you need?

Skrifaðu hvaða útbúnaður tilheyrir þessum tveimur íþróttagreinum.



10 What's in your sports bag?

Skrifaðu niður það sem er í íþróttatöskunni þinni. Láttu bekkjarfélaga geta upp á hvaða íþrótt þú stundar. Spurðu hvernig dagskrá nemendur sé með í sinni tösku og skrifaðu niður dæminu.

Í þessu verkefni vinna nemendur saman. Fyrst skrifa þeir um hvaða útbúnað þeir fá þeir upplýsingar um hvaða útbúnað þeir fá yfir dæmið saman og skrifaðu niður hvaða útbúnað þeir bæta við verkefnið. Síðan skila þeir fleiri bekkjarfélaga um hvaða útbúnað þeir

Hugmyndir að vinnu með texta, bæði fyrir, á meðan og eftir að hann er lesinn. Bakgrunnsupplýsingar og leiðbeiningar um framburð þegar það á við.

ENGLISH AT HOME

English at home

- Lestu textann *Join my diving club* upphátt. Æfðu þig vel þar til þú ert sátt/sáttur við framburð og flæði. Taktu lesturinn upp og sendu kennaranum þínum.
- Segðu frá því sem þú veist um Alex. Notaðu setningagerðir eins og *He likes ...*, *He practises ...*, *He needs ...*.
- Láttu félag þínt skrifa orð úr textunum á miða. Horfðu á orðin í 15 sekúndur og reyndu að leggja orðin á minnið. Skrifðu orðin og berðu þau saman við fyrri miðann.
- Skrifaðu eigið sms-samtal um *The wrong gear*. Notaðu orðin sem þú hefur lært um íþróttautbúnað.

Nemendabók bls. 12-13

Sports camp

FIRST! What do you know about football?

Rifjaðu upp orð eins og *team sport*, *t-shirt*, *shorts*, *ball* og *goal* með því að spyrja hvað nemendur viti um fótbolta. Talið e.t.v. um frægar fótboltastjörnur og um hversu margir í bekknum spili fótbolta.

Síðan skima nemendur yfir dagskrána og benda á íþróttagreinarnar. Þekja þeir allar greinarnar? Hvaða íþróttir eru vinsælastar í bekknum? Spurðu hvernig dagskrá nemendur setja saman og láttu þá útskýra hvað nemendur vilja hafa í henni. Hjálpaðu þeim til setningar svo þeir geti sagt hversu þeim líki við/líki ekki við ákveðna íþróttagrein.

Would you choose hiking? I would choose hiking because I like being outside, and I wouldn't choose hiking because I think it's hard/boring/difficult.

Think and write: Text with a friend about a sport you would like to try. Use the texts in your book to help you.

Nemendur skrifa tveir og tveir saman stuttan sms-samtalstexta um uppáhaldsíþróttina sína. Þeir geta notað setningagerðir eins og *I would like to try, It would be great to try, I think I would be good at ..., I'm not sure, but I think I would like ...* Sem svarmöguleika er tilvalið að nota t.d.: *Me too, That's a good idea, Really? Not me..., I don't think that I would like that.*

Vinnið verkefni 11-14 í verkefnabók.

A new friend

Nemendur fylgjast með sms-samskiptum á milli Jónasar og Jack. Þeir kynntust í íþróttabúðum í London og skrifast nú á um hvað þeir hafa gert heima hjá sér. Samtalinu lýkur með því að Jack sendir uppskrift að Chocolate chip cookies til Jónasar. Það er upplagt að baka kökurnar með nemendum – þær eru bæði auðveldar og fljótlegar.

Vinnið verkefni 15 í verkefnabók.

Verkefnabók bls. 11-13

11 Make a schedule for your dream camp

Búðu til þína eigin dagskrá.

12 Find and circle

Lestu textann og dragðu hring utan um orðin.

Let's play

Let's play – Use the circled word and battle

Nemendur búa til setningar, innan ákveðins tímaramma, úr algengustu orðunum í verkefni 12. Þeir nota orðin í eigin setningar og eiga að geta lesið setningarnar upphátt. Þar að auki skulu orðin vera rétt notuð í setningunum.

Annað tilbrigði er að klippa þessa algengustu orðunum út og setja þau saman og nota þau til að búa til setningu.

- Many. What does the word mean? Make a sentence using the word.

- There are many children in my class.
- Well done!

13 What are you interested in...?

Veldu fjórar íþróttagreinar og skrifaðu þær á línurnar. Finndu út hversu margir í bekknum þínum hafa áhuga á þeim. Spurðu: *Are you interested in ...?* Gerðu talningarstrik.

14 How many?

Skrifaðu setningar um niðurstöður könnunarinnar.

Let's do

Let's do – Find someone who®

Nemendur fara um með bókina í hönd og finna bekkjarfélaga sem hafa fengið sömu niðurstöðu og þeir í könnuninni. Sjáðu til þess að allir nemendur skilji leiðbeiningarnar og markmið verkefnisins.

Gerðu þannig:

- Hello Adam.
- Hello Óliver.
- Do you also know three classmates who like football?
- Yes, I do./No, I only know two.
- Thank you. Goodbye.

15 Over to you

Fylltu út í tómu ramma í verkefnabókin og segðu frá þér og íþróttinni þinni. Búðu kynningu fyrir bekkinn. Svo skaltu vinna með námsmatssíðurnar *Let's go!*

Let's do more – Leiðsagnarmat

Nemendur vinna saman í pörum með verkefni 15. *Do you remember?* Hér geta þeir endurtekið orðaforða og innihald úr textum kaflans. Það er tilvalið að nota verkefnið sem lið í leiðsagnarmatinu þar sem þú sem kennari getur fylgst með því hvernig nemendur fást við spurningarnar og hvaða aðferðir þeir nota. Gerðu þannig:

Nemendur skiptast á að kasta teningi.

Punkturarnir sýna hvaða spurningu þeir svara. Þeir skiptast á að lesa og svara. Þeir skiptast á að kasta teningi og svara. Þeir skiptast á að kasta teningi og svara. Þeir skiptast á að kasta teningi og svara.

Verkefni í *Let's go* eru loka-verkefni hvers kafla og þau eru grundvöllur fyrir símat kennarans og sjálfsmat nemandans. Nemendur vinna með orðaforða, mál og málnotkun ásamt ritun.



Í *Let's do more* vinna nemendur í pörum og taka saman þau atriði sem þeir hafa lesið um í hverjum kafla fyrir sig. Þeir skiptast á að kasta teningi sem sýnir þeim hvaða spurningum þeir eiga að svara. Þetta er hluti af símatinu.

Að gera kennsluna sem besta

Talaðu ensku og haltu samræðum gangandi

Nemendur hafa óteljandi möguleika á að heyra ensku í sínu daglega lífi og verða að sjálfsögðu fyrir áhrifum af því máli sem þeir heyra í kvikmyndum, tónlist og leikjum, á ferðalögum eða í enskutímum. Sem góð fyrirmynd ætti kennarinn að nota ensku eins oft og mögulegt er í enskutímum. Aðlagðu orðaforða og málnotkun að getu nemenda en ekki hika við að láta þá reyna á sig. Í *Yes we can* læra þeir einmitt aðferðir sem gera þeim kleift að skilja innihaldið, þrátt fyrir að þeir skilji ekki hvert einasta orð. Notaðu líkams- og andlitstjáningu og endurtekningar þannig að nemendur þjálfast í gagnlegum hlustunaraðferðum og verði virkir hlustendur. Fylgdu verkefnum eftir með því að benda á orðmyndir og hluti í kennslustofunni. Sýndu blaðsíðutal með fingrunum og notaðu látbragð og leik til að útskýra það sem á að gera.

Vendu nemendur á að spyrja: *How do you say ... in English, please? What is ... in English, please?* Þegar nemendur svara á íslensku getur þú markvisst yfirfært svörin á ensku með því að endurtaka orðin eða setningarnar á ensku. Það er mikilvægt að flétta munnleg verkefni inn í kennsluna þannig að nemendur verði öruggir í notkun nýja tungumálsins. Gefðu öllum nemendum tækifæri til að segja eitthvað þannig að sjálfsöryggi þeirra aukist stöðugt og hlédrægir og óöryggir nemendur fá að finna að þeir eru líka með. Endurtaktu orð og setningagerðir sem komið hafa fyrir áður og bryddaðu upp á umræðum t.d. um uppáhaldsdaga eða -liti, tólmstundaiðju, hluti sem eru í skólatöskunni eða skólastofunni o.s.frv. Hér fyrir neðan eru nokkur dæmi um orð og setningarhluta sem hægt er að nota þannig að nemendur heyri eins mikla ensku og mögulegt er í daglegu tali í kennslustofunni.

<p>English every day</p>	<p>Right, let's get started!</p>
<p>Hi/ Hello! Good morning! Nice to see you!</p> <p>How are you? Fine, thanks.</p> <p>How are you feeling?</p> <p>Come in. Sit down, please. Find your chair.</p> <p>Now then, let's see...Who is here today? Anna? Yes! Carla?</p> <p>What month is it? What day is it today? What's the weather like today?</p> <p>Have you had a nice weekend?</p>	<p>I wonder who can find/see/tell me/show us ... See if you can find ... Put your hand up/on your head/nose/Stand up if you can see ... Look carefully!</p> <p>Use your ear and listen carefully! Have a quick think ...</p> <p>Have you found ...? Try again!</p> <p>It's your turn/It's Jacob's turn. Let's all have a go.</p> <p>Are you ready? Ready, steady, go! Open your book on page</p>
<p>Approval</p>	<p>Activity words</p>
<p>Well done! Great! Excellent!</p> <p>Super! Fantastic! Lovely Brilliant. Good job! Great work! Good for you! Good girl/boy!</p> <p>Goodness me, I'm impressed! I agree with you. Lucky you! You're right. Thank you. That's interesting.</p>	<p>Listen Read ... Write ... Count... Look at ... Find ... Point to ... Find a pencil/your crayons, please. Draw/Colour ... Circle ... Sort ...</p> <p>Show me ...</p> <p>Go to ...</p> <p>Let's play/sing/say it!</p>
<p>...and don't forget</p>	<p>Right, tidy-up time!</p>
<p>Please. How do you say ... in English? Thank you. Pardon me/Excuse me!</p> <p>Sorry!</p>	<p>Come on, let's all tidy up. Put your book and your pencil case in your bag. Children who like cycling can go out/home.</p> <p>Put your jacket on, please.</p> <p>See you tomorrow! Have a nice day!</p>

Í kennsluleiðbeiningunum eru tillögur um hvernig koma má af stað umræðum um kveikjumyndirnar og hvernig áhersluorð hvers kafla og setningagerðir eru virkjaðar. Í öllum köflum eru sett fram dæmi um munnleg verkefni eins og:

- **Kveikjumyndin**

Nemendur leita að orði sem þeir kunna á ensku. *Well then, let's have a look. What can you see in this picture?*

- **Ný orð og setningagerðir**

Segðu æfingaorðin upphátt og láttu nemendur endurtaka. Spyrðu spurninga eða láttu nemendur búa til setningar með orðunum. Hér er einnig upplagt að nota gagnsæ orð og tala um það sem er líkt og ólíkt með ensku og íslensku og með ensku og öðrum tungumálum.

- **Hlustið og skoðið kveikjumyndina**

Hlustið saman á textana sem fylgja kveikjumyndinni. Nemendur benda á persónur eða staði sem fjallað er um. Ræðið um hver gerir hvað.

Kveikjumyndirnar finnast á stafrænu formi á vefsvæði námsefnisins og þar er hægt að smella og hlusta. Farið fyrst sameiginlega yfir myndina á gagnvirkri töflu eða með skjávarpa og síðan vinna nemendur áfram í verkefnabókinni sinni.

The 100 magic words

Að hverjum kafla loknum vinna nemendur með skapandi námsmatsverkefni. Öll verkefni eru unnin út frá efni og textum hvers kafla og er ætlað að reyna á nemendur, bæði munnlega og skriflega. Nemendur skrásetja nám sitt, öðlast yfirsýn yfir það og takast á við nýja tungumálið og það sem í því felst. Matsverkefni eru á opnu sem merkt er Challenge og neðst geta nemendur séð yfirlit yfir töfraorðin 100: *The 100 magic words*.

Rannsóknir sýna að 100 algengustu orðin eru stór hluti af þeim orðaforða sem er notaður í daglegu ensku tali. Því er mikilvægt að þekkja hin svokölluðu „sight words“ þar sem þau koma sífellt fyrir í þeim textum og verkefnum sem nemendur vinna með. Ræðið hugtakið „to remember by sight“. Þegar nemendur muna orð sjónrænt og þekkja orðmyndina þekkja þeir það sjálfkrafa aftur í texta og skilja á u.þ.b. þremur sekúndum. Þannig verður lesturinn töluvert auðveldari og nemendurnir geta nýtt kunnáttuna í eigin skrifum.

Nemendur geta fylgst með því jafnóðum hvernig þeir tileinka sér fleiri og fleiri „magic words“ þar sem orðin eru feitletruð eftir því sem þau koma fyrir í textunum. Hvettu nemendur til að nota orðin, bæði í hefðbundnum verkefnum og í Challenge-verkefnum. Á vefsvæði námsefnisins eru fleiri tillögur að verkefnum þar sem unnið er með þessi orð. Orðakortin eru flokkuð eftir köflum og tilbúin til útprentunar.

Málfræðilegt samhengi

Í *Yes we can 5* vinna nemendur áfram með grundvallaratriði í málfræði. Á sama hátt og gert var í 4. bekk er málfræðin lögð fram í samhengi við texta og nemendur settir í rannsóknarhlutverk.

Þeir eiga, við hvert tækifæri, að rannsaka, uppgötva og færa í orð hvernig tiltekin málfræðiatríði virka og vinna saman. Þetta er krefjandi ferli sem þarf að fá forgang í allri enskukennslunni. Því er ekki nóg að gefa nemendum góðan tíma til að leysa tiltekið verkefni heldur þurfa þeir líka tíma og hvatningu til ígrunda verkefnið og nota vitneskjuna á sjálfstæðan hátt.

Málfræði getur vafist fyrir mörgum og því er endurtekning og fjölbreytni nauðsynleg á þessu sviði. Það er mikilvægast að nemendur fái sjálfir að æfa sig á viðkomandi málfræðiatríðum; því meira sem þeir æfa sig því fljótari verða þeir að tileinka sér þessi atríði, einnig í talmáli. Unnið er markvisst með málfræði á eftirfarandi hátt:

Allir kaflar í verkefnabókinni byrja með kynningu á tilteknu málfræðiatríði. Með stuðningi frá myndskreyttum dæmum velta nemendur málfræðinni og hlutverki hennar fyrir sér og því næst leysa þeir tilheyrandi verkefni í bókinni.

Síðan fara þeir í *Drill* sem eru stafræn verkefni sem leiðréttu sig sjálf. Verkefni eru á vefsvæðinu og gefa möguleika á aukaæfingum. Á námsmatssíðunum *Let's go*, við lok hvers kafla, vinna nemendur aftur með tiltekin verkefni þar sem áhersla er lögð á viðkomandi málfræðiatríði. Í námsefninu vinna nemendur með eftirfarandi málfræðiatríði: nútíð sagna, notkun á forsetningum til að segja til um staði eða áttir, eignarforöfn, nútíð, þátíðarmynd af reglulegum sögnum, notkun these og those.

Samvinnunám

Í *Yes we can 5* eru sem fyrr fjölbreytt munnleg verkefni sem byggja á samvinnunámi. Markmiðið með verkefnum er að kynna orð og setningar í nýju samhengi og gefa nemendum meiri möguleika á að nota þau á sjálfstæðan hátt. Verkefni eru öll undir yfirskriftinni *Let's do* og þar undir eru eftirtaldir efnisflokkar: *Flashcard Game*, *Mix-N-Match*, *Find someone who*, *Quiz-Quiz-Trade* og *Inside Outside Circle*. Verkefni eru alltaf leyst með sömu aðferð sem er útskýrð hér á eftir:

- **Flashcard game©**

Nemendur fá spil, eða auð spjöld sem þeir fylla út sjálfir, með orðum úr ákveðnum texta eða verkefni. Síðan keppa þeir tveir og tveir saman í að vinna sem flest spil hvor. Ef þeir geta getið upp á orðum keppinautarins vinna þeir spilið. Ef þeir svara hins vegar rangt verður mótspilarinn að segja þeim svarið og spilið er lagt aftur í bunkann. Þegar sama spil er dregið seinna er möguleiki á að muna svarið. Þetta er góð aðferð til að tala saman um texta eða meta efni sem búið er að fara yfir.

Svona gerir maður:

- Nemendur vinna tveir og tveir saman.
- Kennarinn ákveður hver er fyrst stjórnandi.
- Stjórnandinn hefur öll spilin.
- Stjórnandinn les fyrstu spurninguna/segir fyrsta orðið.
- Ef nemandinn getur svarað fær hann spilið og stjórnandinn hrósar honum.
- Ef nemandinn getur ekki svarað gefur stjórnandinn svarið og spilið fer aftur í bunkann.
- Þannig heldur spilið áfram þar til nemandinn hefur unnið öll spilin. Þá er skipt um hlutverk.

• Quiz-Quiz-Trade©

Quiz-Quiz-Trade getur fengið feimnustu og hlé-drægustu nemendurna með í leikinn. Nemendur fara á milli og svara spurningum bekkjarfélaga. Aðferðin hentar vel, bæði til að þjálfra minni, útskýringar og færni.

Svona gerir maður:

- Hver nemandi er með spjald með spurningu á. Engar tvær spurningar eru eins.
- Nemendur standa á fætur, fara á milli og finna félagi úr öðru liði.
- Nemandi A spyr sinnar spurningar.
- Nemandi B svarar.
- Nemandi A hjálpar til eða hrósar.
- Nemendur skipta um hlutverk þannig að B spyr og A svarar.
- Nemendur skipta um spjald. Þeir kveðja, finna nýjan félagi og byrja upp á nýtt.

• Mix-N-Match©

Í þessum leik fara nemendur um bekkinn og skiptast á spilum. Í hvert skipti sem þeir finna „samstæðuna“ sína verða þeir að leysa verkefnið sem þeim hefur verið úthlutað.

Svona gerir maður:

- Hver þátttakandi fær spjald t.d. með upplýsingum, spurningu eða verkefni. Spjöldin passa saman tvö og tvö eða fjögur saman.
- Kennarinn segir *Mix* og nemendur ganga á milli og skiptast á spjöldum við þá sem þeir hitta.
- Þegar kennarinn segir *Match* leita nemendurnir að þeim bekkjarfélaga sem hefur spjald sem passar við þeirra.
- Þegar allir hafa fundið sitt „match“ og sannreynt spjöldin segir kennarinn *Mix* og leikurinn byrjar upp á nýtt.

• Find someone who ...©

Nemendur fara á milli og finna bekkjarfélaga sem geta svarað spurningu eða t.d. látið í ljós afstöðu sína. Nemendur eiga að tala við eins marga og hægt er og þess vegna má bara fá eina kvittun frá hverjum bekkjarfélaga.

Svona gerir maður:

- Allir nemendur fá blað með staðhæfingu eða spurningu.
- Nemendur finna bekkjarfélaga sem er laus.
- Nemendur heilsast kurteislega.
- Nemendur skiptast á að spyrja.
- Nemendur kvitta undir hvor á blaði annars ef þeir geta svarað. Ef þeir geta ekki svarað reyna þeir við aðra spurningu.
- Nemendur þakka fyrir sig, kveðja og finna nýjan félagi.
- Verkefnið heldur áfram þar til allir eru búnir að fylla út sitt blað. Á eftir geta nemendur og kennari rætt svörin.

• Inside Outside Circle©

Þegar margir í einu hafa frá einhverju að segja, eða þegar þarf að ræða um eitthvað, hentar þessi aðferð vel. Notaðu hana til endurtekningar, fyrir vangaveltur og fræðslu.

- Helmingur nemenda býr til hring og snýr bakinu inn að miðju hringins. Hinn helmingurinn býr til annan hring utan um þannig að nemendur standi augliti til auglitis hver við annan.
- Nemendurnir í ytri hringnum byrja á að segja frá ákveðnu efni eða svara spurningu frá kennara. Svo er skipt um hlutverk þannig að nemendurnir í innri hringnum segi frá.
- Þegar tíminn er úti þakka nemendur hvor öðrum fyrir samtalið og ytri hringurinn færir sig eitt pláss til hægri. Byrjað er upp á nýtt.

Áhersla á leiðsagnarmat og símat

Yes we can byggir á hæfniviðmiðum fyrir erlend tungumál í Aðalnámskrá grunnskóla. Unnið er út frá markmiðum 1. stigs auk 2. stigs þar sem það á við. Gert er ráð fyrir að við lok 10. bekkjar hafi nemendur náð hæfni á 3. stigi í ensku. Á vefsvæðinu má finna yfirlit yfir hvaða markmið unnið er með hverju sinni. Þar er líka að finna tillögu um heilsárs kennsluáætlun.

Námsmat skal byggja fyrst og fremst á símati. Markmiðið er að efla nám og þroska og að gefa kennara og nemanda vitneskju um hvar nemandinn stendur í sínu námi hverju sinni og hvað skal vinna frekar með. Rannsóknir sýna að þær kennsluáðferðir sem hafa hvað mest áhrif á nám og hvöt nemandans eru gæði endurgjafarinnar sem hann fær fyrir vinnu sína. Matið ætti að byggja á þremur höfuðspurningum:

- Hvar er ég stödd/staddur?
- Hvert stefni ég?
- Hvernig kemst ég þangað?

Til að geta svarað þessum spurningum verða nemendur að:

- skilja hvað þeir eru að læra og til hvers er ætlast af þeim
- fá svörun við verkefnum sínum
- fá upplýsingar um hvernig þeir geta undirbúið sig

- vera þátttakendur í eigin námi, meta verkefni sín og framfarir.

Í *Yes we can* er lögð áhersla á leiðsagnarmat fremur en lokamat með það að leiðarljósi að gera nemendur meðvitaðri um eigin námsaðferðir og námsferli. Í efninu gefast margir möguleikar á að samþætta vinnuna með mótandi námsmati, bæði með munnlegum og skriflegum verkefnum, m.a. vegna þess að mörg verkefni byggja á því að nemendur sækji í eigin þekkingu og reynslu og þurfa ekki endilega að ná fram ákveðinni niðurstöðu. Hafa ber í huga að þetta snýst ekki um að sannreyna hvort nemandinn hafi leyst ákveðið verkefni eða ekki, heldur frekar um í hvaða mæli viðmiðum er náð. Um leið er stöðugur stuðningur kennara mikilvægur – ekki í formi prófa heldur með samtölum, leiðbeiningum og uppbyggilegri endurgjöf.

Ekki er hægt að reikna með að allir nemendur nái jafnlangt hvað markmið varðar og sem kennari verður maður að vera tilbúinn að aðlaga markmiðin og/eða setja upp einstaklingsbundin markmið fyrir einstaka nemendur.

Þegar nemandi tekur virkan þátt í þessu ferli kemur greinilega fram hvaða þætti hann á í erfiðleikum með og hvaða þáttum hann hefur náð fullnægjandi tökum á. Námsmat fer fram á mismunandi hátt í *Yes we can*:

Fyrir kennslu

Alltaf skal fara yfir námsmarkmiðin sem koma fram í byrjun hvers kafla í verkefnabókinni. Það á að vera skýrt hvað nemendur eiga að leggja áherslu á, bæði hvað varðar orðaforða, efnistöð og mat. Góð yfirsýn hefur mikil áhrif á hvernig nemendur nálgast verkefni. Þegar þeir þekkja til innihalds og forms átta þeir sig betur á því til hvers er ætlast af þeim svo þeir nái hæfnimarkmiðum sínum. Veittu athygli mismunandi námsaðferðum sem nemendur nota til að ræða markmiðin, t.d. með því að gefa dæmi um orð og setningagerðir innan efnisins.

Meðan á kennslunni stendur

Notið samvinnunám fyrir símatið. Það getur verið mjög góð leið til að skoða hvernig nemendur vinna með innihald og orðaforða sem þeir hafa þegar lært. Taktu eftir hvernig nemendur svara hver öðrum, hvort þeir muna og hafa getu til að hafa svör sín ítarleg eða hvort þeir láta einstök orð duga og láta félagar eða hópinn stýra aðgerðum. Áður en nýr texti er tekinn fyrir er mikilvægt að tryggja að nemendur tileinki sér orðaforðann sem tilheyrir honum. Hægt er að búa til munnleg verkefni þar sem nemendur taka saman og endursegja það sem þeir hafa unnið með, eða þeir koma með dæmi um hvernig hægt er að nota lykil-orð kaflans og setningagerðir.

Eftir kennslu

Í nemendabókinni enda allir kaflar á opnu sem ber yfirskriftina *Challenge* og þar fá nemendur þrjár gerðir verkefna: *Perform*, *Create* og *Find out*. Hvert þessara verkefna hvetur til einstaklingsvinnu og skapandi verkefna sem grundvallast í kennslutextunum en gefa einnig möguleika á sjálfstæðri afurð þar sem stafræn verkfæri koma við sögu. Farið í gegnum upphafssetningarnar saman og talið einnig um 100 magic words neðst á síðunum. Hvettu nemendur til að nota þau í sínum verkefnum.

Meta skal hvort nemendur eigi að fá að velja sér verkefni alveg sjálfir eða hvort stundum eigi að stýra valinu. Vertu viss um að markmiðin fyrir hvert og eitt verkefni séu nemendum skýr og leggðu áherslu á endurgjöf þannig að nemendur séu öruggir um námsaðferðir sínar og meðvitaðir um hvernig þeir ná markmiðunum.

Í verkefnabókinni enda allir kaflar á *Let's go* sem markvisst fylgir eftir námsmarkmiðum. Nemendur vinna verkefni út frá þeirri málfræði sem fjallað var um og orðaforða kaflans. Að lokum meta nemendurnir sjálfir hversu vel þeir telja sig hafa náð námsmarkmiðum. Ljúktu þessum hluta með samræðum um Námið mitt. Í hverjum kafla fá nemendur tvær spurningar sem snúa að þeirra eigin námi, t.d. í sambandi við aðferðir, áskoranir innan ákveðinna gerða af verkefnum, hvort einhver geiri námsins sé í meira upphaldi en aðrir og aðferðir til að vinna með enskar vefsíður. Þetta samtal er mjög mikilvægt þar sem það gerir nemendur meðvitaða um þau mörgu skref sem þeir taka í enskunámi sínu til að verða sífellt leiknari í málinu.

Einnig er hægt að nota *Let's do more* sem námsmatsverkfæri. Nemendur vinna saman í pörum og keppa hvor við annan. Hverjum kafla fylgir blaðsíða til að ljósrita með spurningum úr textum og efnisköflum. Hlustaðu og veittu því athygli hvernig nemendur nálgast verkefnið; hvort þeir hjálpast að, hvort þeir svara spurningunum með stökum orðum eða í heilum setningum o.s.frv. Aðstoðaðu þá með orðaforða eða málfraserfiðleika og bættu við spurningum ef þér finnst eitt eða fleiri þör þurfa meira krefjandi verkefni.

English at home

English at home er sá hluti *Yes we can* námsefnisins sem snýr að heimanámi. Í hverjum kafla fyrir sig eru tillögur að heimanámsverkefnum sem nemendur vinna sjálfstætt eða með aðstoð fullorðins á heimilinu. Þrátt fyrir að nemendur séu nú komnir á miðstig er alltaf mælt með því að þeir hafi hlustanda við upplestrarverkefni. Verkefnunum er ætlað að brúa bilið milli ensku í skólastofunni og ensku í daglegu lífi. Verkefni byggja á því sem unnið hefur verið með í skólanum og eru því hugsuð sem endurtekningar eða viðbótarþjálfun. Áhersla er á upplestur, framburð, orðaforðavinnu og endurtekningu á orðmyndum og setningamyndum.

Kennslufræðilegar hugleiðingar

Þegar nemendur hefja enskunám hefur heilinn þegar mótað námsmynstur fyrir tungumálanám eftir að hafa tileinkað sér móðurmálið. Þetta mynstur yfirfæra nemendur á enska tungu og því er mikilvægt að þeir kynnist sem fyrst í enskunáminu grundvallarsetningagerðum sem festast í minninu. Nemendur læra þær fyrst sem heildir og þegar þeir verða eldri fara þeir að skilja að setningagerðir eru samsettar úr pörtum sem hægt er að setja saman á ýmsa vegu. Þeir verða líka meðvitaðri um málfræðilega uppbyggingu og samhengi.

Að uppgötva enskuna

Í *Yes we can* eru nemendur hvattir til að finna orð og hluti á myndum, að hlusta eftir orðum og máhljóðum og til að leita eftir merkingu í þeim orðum og verkefnum sem þeir standa frammi fyrir. Markmiðið með *Yes we can* er að skapa góðan grunn fyrir áframhaldandi nám.

Rannsóknir sýna að tungumálanám sem krefst ígrundunar og úrvinnslu, er árangursríkara en verkefni sem eru yfirborðskennandi og byggja á minnisnámi. Eftir því sem nemandinn þarf meira að velja sjálfur orð og hugtök er líklegra að orðin festi sig í sessi og verði notuð seinna meir. Það er eðlilegt að byrja á einföldum aðgerðum eins og að hlusta, finna og þekkja orð í textum, fyrst í hinu talaða máli og seinna einnig í ritun. Erfiðari verkefni eru t.d. að finna orð sem skera sig úr (Odd one out-verkefni), eða að para saman orð og myndir, orð og merkingu þeirra eða samheiti og andheiti. Að flokka orð er enn þá meira krefjandi og stærsta áskorunin felst í að flokka orð eftir ákveðnum viðmiðunum eða raða þeim í rétta röð.

Önnur hvetjandi leið til náms er að gera verkefni persónuleg og mikilvæg í augum nemenda. Því höfum við búið til verkefni þar sem nemendur þurfa að velja, lýsa sínu upphaldi innan ákveðins flokks o.s.frv. Rannsóknir hafa sýnt að persónuleg íhlutun hefur góð áhrif á nám. Það er ekki fyrr en nemendur hafa gert nýju orðin að sínum eigin að þeir hafa virkilega tileinkað sér þau. (Thornbury 2002.)

Nemendur þurfa að sjá og heyra ný orð margoft áður en þau festast í langtímaminninu. Það þarf að rifja upp orðin, nota þau og setja í nýtt samhengi. Þetta er einmitt hugmyndin með hringferlinu sem er innbyggð í kerfisbundna framvindu *Yes we can*. Þegar orð eru notuð aftur og aftur í nýju samhengi styrkist og örvast huglægt kerfi nemendanna í takt við að ný orð rata inn í það kerfi sem fyrir er. Til að byrja með snýst enskukennslan mikið um að herma eftir en með tímanum verður æ mikilvægara fyrir nemendur að uppgötva og verða meðvitaðri um hvaða námsaðferðir henta þeim best. Mikilvægt er að hlúa vel að þessari vinnu, t.d. með því að leika með rím, þulur og atkvæði. Eftir því sem nemendur eldast má líka búast við því að þeir þrói meðvitaðri vitneskju um það sem er líkt og ólíkt á milli tungumála. Almenn

vaxandi tungumálameðvitund léttir frekara tungumálanám, bæði í ensku og íslensku.

Í hæfniviðmiðum aðalnámskrár er lögð áhersla á að nemendur geti tjáð sig með eigin orðum um daglegt líf, áhugamál, reynslu, skoðanir og umhverfi sitt svo eitthvað sé nefnt. Eftir því sem tungumál þróast þroskast einnig hæfileikar til að taka með í reikninginn og aðlaga málnotkun sína því samhengi sem málið er notað í, þeim viðmælenda sem rætt er við, því efni sem talað eða skrifað er um og að lokum því markmiði sem stefnt er að með málnotkuninni. Þetta er æviflangt ferli. Til að nemendur geti, til lengri tíma litið, aðlagð mál sitt að ákveðnu samhengi verður hægt en örugglega að byggja upp mikinn orðaforða.

Málörvun og framfarir

Það er mikilvægt að nemendur noti sem flest skilningavit þegar þeir læra ensku. Börn læra á ólíkan hátt og á mismunandi hraða. Þau nota líka margs konar námsaðferðir sem þau eru ekki sjálf meðvituð um í upphafi. Einbeitingarhæfni þeirra er ekki fullmótud og því þarf að æfa hana upp með stuttum námslotum og miklum tilbrigðum – einnig innan talmálsins.

Mikil áhersla er á málörvun í *Yes we can*-efninu. Nemendur fá aukinn skilning á samhenginu á milli hljóða, bókstafa, samstafa, bókstafsmynstra og ríms. Rannsóknir hafa sýnt að leikur með orð og hljóð, þ.m.t. að þekkja það sem er líkt og ólíkt, með æfingum þar sem maður tekur burtu hljóð úr orði og setur annað í staðinn, gerir nemendum léttara fyrir að læra að lesa. Þetta á bæði við um fyrsta- og annarsmálsnám. Niðurstöður tilrauna í skólum í Vancouver (Wagner, Strömquist og Uppstad 2008) benda til mikilvægis þess að áframhaldandi vinna með rím og hljóð í námsefninu sé mikilvæg.

Áherslan í *Yes we can* færirst frá hlustun, upprifjun og skilningi til munnlegrar og skriflegrar tjáningar og verkefni í verkefnabókinni eru einmitt gerð með þetta í huga. *Yes we can* uppfyllir hæfniviðmið aðalnámskrár fyrir erlend tungumál. Á kennarasvæði vefsins má finna yfirlit yfir hvaða hæfniviðmið er unnið með hverju sinni og undir yfirskriftinni *Soon* í upphafi hvers kafla í verkefnabók eru listuð upp helstu námsmarkmið kaflans.

Þemu og orðaforði efnisins er sóttur í nærumhverfi nemenda. Efnid þróar málakunnáttu nemenda, hlustun og lesskilning. Um leið æfast nemendur í töluðu og rituðu máli. Þeir læra ensk orð samtímis og áður en hugtök í móðurmálinu er fulllærð og orðaforði þeirra eykst smám saman, bæði í gegnum nám í skólanum og seinna á ævinni.

Í *Yes we can* er lögð áhersla á æfingaorð innan hvers þema fyrir sig. Markmiðið er að nemendur læri þessi orð svo vel að þeir þekki þau seinna meir þegar þeir þurfa sjálfir að lesa og skrifa. Einnig höfum við valið að leggja áherslu á algengustu orð í ensku

máli: *The 100 magic words*. Þetta er samansafn af smáorðum og málfræðiorðum, t.d. greini, forsetningum, hjálparsögnum og/eða fornöfnum. Að vinna kerfisbundið með algengustu orðin alveg frá byrjun er góður grundvöllur fyrir lestur og ritun nemenda á ensku. Þegar þeir verða meðvitaðir um þessi orð styrkir það einnig stafsetningu. Orðin verða að mikilvægum verkfærum þegar nemendur þurfa seinna meir að skrifa eigin setningar og texta og vinna með málfræði.

Hljóðkerfisvitund og lestrarfærni

Rannsóknir sýna að hljóðkerfisvitund og lestrarfærni eru nátengd. (Strömqvist og Uppstad, 2008.) Þegar nemendur skilja samhengið á milli hljóða í orðum og bókstafa í texta eru þeir komnir vel á veg. Þetta þekkja þeir yfirleitt þegar úr sínu eigin móðurmáli en þetta getur verið stærrí áskorun í ensku þar sem oft er ekki skýrt samhengi á milli hljóðs og bókstafs.

Í ensku eru 26 bókstafir í stafrófinu en 44 kerfisbundin máhljóð. Það þýðir að þessi hljóð samantlagt eru táknuð með 250 mismunandi stafsetningaradferðum! Þess vegna er mikilvægt að huga að hljóðkerfisvitundinni alveg frá upphafi. Auk þess að geta tengt ensk talhljóð við bókstafir og lesið og skilið setningar eiga nemendur einnig að þekkja enska stafrófið og smám saman að vera færir um að stafa nöfn og einstaka orð. Þetta getur verið erfitt fyrir marga þar sem oft er ekki rökrétt samhengi á milli hljóða og stafsetningar í ensku. Kynna þarf fyrir nemendum, skref fyrir skref, enska stafsetningu.

Mörg orð eru stafsett næstum eins og þau eru sögð, t.d. *bed*, *swim* og *hat*. Annar orðahópur hefur greinilegar tengingar á milli hljóða og stafsetningar. Þetta á bæði við um sérhljóða og samhljóða, t.d. samstöfurnar *-ail*, *-ain*, *ack*, *irl*, *all*. Nemendur hafa þegar kynnst samstöfunum *th-*, *kn-*, *wh-*, *sh-*, *ch-*, og tvöföldu sérhljóðunum *-ee* og *-oo*. Eftir því sem nemendur læra fleiri af þessum stafapörum þeim mun betri verður lestrarfærni þeirra á ensku. Síðasti orðahópurinn sem minnst skal á í tengslum við stafsetningu eru algengu orðin. Mörg þeirra eru óútreiknaleg í framburði og því er best að tileinka sér þau sem orðmyndir, t.d. *you*, *your*, *with*, *does* og *their*.

Námsaðferðir

Það er á ábyrgð kennarans að stuðla að því að nemendur verði, á skólagöngu sinni, meðvitaðir um hvaða námsaðferðir henta þeim best. Nemendur skulu tileinka sér aðferðir til að finna merkingu í því sem þeir heyra og seinna lesa, og þeir verða að geta sett í orð hvað það er sem þeir eiga að læra og ekki síst *hvernig* þeir læra.

Í *Yes we can* draga nemendur ályktanir af efni kaflans með dæmum og verkefnum þar sem þeir eru hvattir til að skoða myndirnar, geta sér til um efni

texta út frá fyrirsögnum, nota þekkingu sína úr fyrri köflum og ekki síst að hlusta eftir þekktum, gagnsæum og algengum orðum. Mikilvægt er að tala skýrt um margvíslega færni og að minna nemendur á hvaða aðferðir þeir eru að vinna með.

Hlustunaraðferðir

Hér gildir einkum að hlusta og þekkja tiltekin orð í setningum og samræðum. Látið nemendur sýna að þeir skilji, t.d. með því að krossa yfir eða undirstrika orð. Lestrartextana í nemendabókinni er einnig hægt að nota sem hlustunaræfingar og nemendur geta brugðist við þegar þeir heyra ákveðin orð eða hugtök t.d. með því að klappa, rétta upp hönd, setja talningarstrik eða þ.h. Minnið líka á mikilvægi þess að túlka líkamstjáníngu og hljómfall og að taka aðstæður með í reikninginn. Hvar á samtalið sér stað? Hver talar? Hvað er verið að tala um?

Lestraraðferðir

Nemendur lesa marga ólíka texta sem hver og einn kemur inn á þema kaflans. Ræðið við nemendur um lestraraðferðir þannig að þeir venji sig á að nota þær þegar þeir lesa nýja texta. Verjið einnig tíma í undirbúning með *First*-verkefnunum sem hjálpa nemendum að setja textann í samhengi og gefa þeim möguleika á að stinga upp á nýjum orðum og setningaerðum sem gætu átt við viðkomandi texta. Notfærið ykkur að allir textar eru lesnir upp af enskumælendi fólki m.t.t. hreims, aldurs og aðstæðna. Það er sérlega mikið gagn í að geta hlustað á texta og lesið hann um leið. Farið saman yfir glósurar og notið teikningar, fyrirsagnir, efni og lykilorð sem tengjast þeim.

Málfar

Venjið nemendur á að nota kurteislegar og gagnlegar setningar eins og t.d. *Sorry? Can you say that again, please? One more time, please! How do you say ... in English?*

Ritunaraðferðir:

Í fyrstu er unnið með ritun á einfaldan hátt s.s. að afrita orð og einfaldar setningar. Hér er tilvalið að nota valda texta sem fyrirmyndir og e.t.v. ritunaræfingar. Í *Yes we can* er smátt og smátt lögð meiri áhersla á ritun, bæði í tengslum við endurtekningu á setningaerðum en einnig m.t.t. frjálsrar ritunar nemenda. Ræðið um ritunina við nemendur:

- Til hvers (hvaða aðila) eru þau að skrifa og hvers vegna?
- Hvað eru þau að skrifa um?
- Hverju vilja þau koma á framfæri með textanum?

Málfar í *Yes we can*

Í *Yes we can* er bresk stafsetning notuð. Þar að auki eru styttingar eins og *he's, I'm* og *it's* notaðar í töluðu máli, t.d. í raunverulegum samræðum, söngvum og vísum. Til að auðvelda nám þessara orðmynda notum við form án styttinga eins og *he is, I am* og *it is* í öllu öðru samhengi.

Heimildir:

Cameron, L. (2001): *Teaching language to young learners*. Cambridge. Cambridge University Press
Schmitt, N. og McCarthy, M. (red.) (2008 [1997]): *Vocabulary: Description, acquisition and pedagogy*. Cambridge: Cambridge University Press
Thornbury, S. (2002): *How to teach vocabulary*. Harlow: Pearson Education Limited
Wagner, Á.K.H., Strömqvist, S. og Uppstad, P.H. (2008): *Det flerspråklige menneske: En grunn bok om skriftspråklæring*. Landslaget for norskunder-visning. Bergen: Fagbokforlaget

Yfirlit yfir orðaforða

Kafli	Ný orð og setningagerðir	Málfræðileg áhersla	Algeng orð
1 What's your sport?	early, late, ten to, ten past, favourite, goggles, diving, I get dressed, thirsty, hungry, tired, wake up I'm interested in ... On Wednesdays, I ... When do you ...?	Reglulegar sagnir í nútíð	too, many, do, on, in, me, and, called, to, but, not, when, is, his
2 Wizards and witches	witch, wizard, ghost, dragon, toad, castle, cave, wand, brave, scared There is ... There are ... How do you ...?	Persónufornöfn	I, you, he, she, we, they, there, it, people, day, house, make, if, time, just, no
3 A trip to London	town, street, turn left, turn right, bridge, shop, church, theatre, plane, traffic light How do I get to ...? I'm going to ...	Notkun á forsetningum til að lýsa stefnu eða staðsetningu	big, could, see, go, about, with, by, of, dad, it's, into, opposite, mum
4 Wild animals	penguin, snake, elk, bear, fur, world, country, travel, dangerous, leaves What is the same? What is different?	Notkun eignarfornafna	had, like, have, said, my, as, our, came, this, out, up, an, back, their
5 My passion	practise, drums, famous, poem, audience, painting, play, excursion, museum, costume What can you do? I can't ... I can ...	Samsett nútíð	a, can, am, for, down, your, be, get, say, her, the, are, him, children, I'm, now
6 Collectors	pilot, airplane, planets, compass, glacier, astronaut, collection, map, photograph, telescope What did ...? Where did ...? When did ...?	Þátíð sagna	were, was, one, then, that, got, went, them, so, put, at, old, some, very
7 Save the oceans	octopus, rubbish, duck, turtle, beach, bracelet, shark, tidy up, bottle, sea These are ... Those are ... Look at ...	Notkun á these og those m.t.t. fjarlægðar	all, will, don't, these, what, look, from, or, come, little, must, made, help

What's your sport?

Í What's your sport er fjallað um hversdagsathafnir og íþróttir jafnframt því sem lengri lestextar innan ólíkra efnisflokka eru kynntir. Nemendur kannast eflaust við systkinin Ameliu og Liam frá *Yes we can* 4. Þau fluttu með foreldrum sínum til Írlands og ganga í skóla í Dublin. John, stóri bróðir þeirra, kemur líka við sögu. Vekið athygli nemenda á að enska er töluð á marga vegu. Tekin verða dæmi um bandarískan framburð, ástralskan og auðvitað breskan og nýta má þau dæmi til samræðna um samhengi máls og menningar og um stöðu ensku sem alþjóðatungumáls með margskonar mállýskur.

Í 1. kafla lesa nemendur m.a. um börn frá ólíkum enskumælandi löndum sem segja frá upphaldsþróttinni sinni. Eitt af börnunum er í hjólastól og í því samhengi má ræða Ólympíuleika fatlaðra sem Oliviu dreymir um að taka þátt í. Textarnir í kaflanum bjóða einnig upp á umræður um Sports camps sem hafa verið við lýði í Bandaríkjunum og Englandi í árafjöld, m.a. vegna þess að foreldrar þar hafa ekki jafn langt sumarfrí og tíðkast á Íslandi. Reyndar er slík frístundastarfsemi að verða æ algengari hér á landi. Að lokum æfa nemendur sig í að tala um íþróttautbúnað og æfingátíma og aftast í kaflanum er uppskrift að súkkulaðiþitakökum. Upplagt er að láta nemendur baka þær.

Orð og setningagerðir kaflans

- *early, late, ten to, ten past, favourite, goggles, diving, I get dressed, thirsty, hungry, tired, wake up*
- *I'm interested in ...*
- *On Wednesdays, I ...*
- *When do you ...?*

Málfræðileg áhersla

- Reglulegar sagnir í nútíð

Verkefnabók bls. 4-5

Námsmarkmið

Soon

- *I can tell others about my daily routines*
- *I can ask and answer questions about sports activities*
- *I can use verbs in the present tense.*

Farið fyrst í gegnum námsmarkmiðin í sameiningu og nemendur finna dæmi um sagnorð sem lýsa hversdagsathöfnum eða íþróttum. Minntu nemendur á að present tense þýðir nútíð. Í málfræðikennslu *Yes we can* 5 þarf kennarinn að útskýra bæði á ensku og íslensku. Notaðu myndir og setningar úr bókinni til stuðnings, láttu nemendur lesa setningarnar upphátt en leyfðu þeim einnig að spyrja eða koma með útskýringar á íslensku.

Sagnorð

Skoðið myndirnar á opnunni og lesið setningarnar saman. Ýkið s-hljóðin í lok orða til vekja athygli á formi 3. pers. et. Láttu nemendur finna mismuninn í dæmunum og spurðu: Look at these two sentences. What are the children doing? What's the difference? Biddu nemendur að taka eftir hver það er sem er að gera eitthvað og lesið síðan setningarnar í appelsínugula rammanum. Með því að bera saman dæmin efst á síðunni geta nemendur auðveldlega sannað regluna um að það bætist -s við sagnorð í nútíð þegar um 3. pers. et. er að ræða. Að lokum er textinn Eat (bls. 4 í verkefnabók) lesinn upphátt og gætt vel að því að nemendur segi 3. pers. s-ið skýrt og greinilega. Áður en nemendur leysa verkefnið á bls. 5 er upplagt að fara hring í bekknum þar sem nemendur segja sjálfir frá hvenær þeir vakna og borða morgunmat:

- *Anna, when do you get up?*
- *Matthildur, when do you eat breakfast?*

Nemendur geta unnið saman tveir og tveir eða í hópum og sagt hver frá öðrum þannig að þeir skipti á milli 1. og 3. persónu:

- Anna: *I get up at seven.*
- Matthildur: *Anna gets up at seven, but I get up at ten to seven.*

Í verkefnunum á bls. 5 æfa nemendur notkun sagnorða í nútíð. Áður en þeir byrja er gott að láta þá gefa dæmi um hvað þeir gera á morgnana:

- *Have a quick think! I want you all to tell me two things you do every morning.*

A Write

Lestu orðin. Skrifðu setningar um hvað þú gerir á morgnana.

B Choose and write sentences

Skrifaðu setningar með því að nota orð úr öllum kössunum fjórum.

Í báðum verkefnum eiga nemendur að skrifa eigin setningar og geta valið á milli frumlags og sagnliðar. Í lokin lesa nemendur setningarnar sínar upphátt, tveir og tveir saman, í hópum eða fyrir allan bekkinn.



Drill

Vinnið verkefnið á vefsvæðinu. Öll fjögur verkefni leggja áherslu á form sagna, uppbyggingu setninga og orðflokka. Nemendur setja inn orð, skrifa sjálfir orð, raða orðum í rétta röð og flokka orð í sagnorð, nafnorð og lýsingarorð.

Nemendabók bls. 4-5

Kveikjumyndin

Byrjaðu alltaf á því að vinna með kveikjumyndina og notaðu hana til að koma af stað samtali á ensku.

- *Tell me, what can you see in this picture?*
- *What are the children doing?*
- *Do any of you like these sports activities?*


Nemendur þekkja margar íþróttagreinanna og geta auðveldlega talað um og svarað spurningum, t.d.:

- *What's your favourite sport?*
- *How many of you like playing tennis?*
- *Find the boy who plays football. What is he wearing on his head? Yes, you're right. A red cap.*

Ný orð og setningagerðir

Hlustið á æfingaorðin og láttu nemendur vinna með þau. Þeir geta endurtekið orðin eða notað þau í setningar sem þeir búa sjálfir til:

- **Early.** *I am so tired. I get up too **early** when I have to go to school.*
- Notið setningagerðirnar og nemendur svara á sinn hátt:
I'm interested in cycling. What about you, Óskar? What are you interested in?
- *On Wednesdays, I take my daughter to swimming class. What about you, Símon? What do you do on Wednesdays?*
- *Emma, when do you wake up?*



Hlustið og skoðið kveikjmyndina

Skoðið kveikjmyndina saman og spilið hljóðskrárnar. Nemendur benda á persónur og athafnir og búa til setningar um myndina þegar búið er að hlusta á alla textana.

Hlustunartextar fyrir kveikjmyndina

- 1. I have many different hobbies. I like drawing, and I play the piano. I am interested in sports, too. Wheelchair tennis is hard, but great fun. Can you find my tennis ball? Write 1.*
- 2. Theo and Logan's favourite sport is football. They play on the same team and train twice a week. They train on Tuesdays and Thursdays. When they come home, they are always really thirsty and tired! What is your favourite sport? Write 2.*
- 3. Hurry up, Sandra, or you will be late! It's already ten past five. Have you packed your bag? You need your swimming goggles! Can you describe Sandra's swimming costume? Write 3.*
- 4. Alex is very interested in BMX racing. Annie likes cycling, too, but she likes cycling in the woods. What is important to wear on your head when you cycle? Write 4.*
- 5. Children all over the world are interested in sports. Many children play football. Swimming and cycling are also popular sports. Jacob plays golf every Wednesday. How many different sports do you know of? Write 5.*
- 6. On Mondays and Thursdays, I play handball. On Wednesdays, I go swimming. I have just learnt to dive. I love diving. Can you see me on the springboard? Write 6.*

Verkefnabók bls. 6

1 Listen and mark

Hlustaðu og skrifaðu rétta tölustafi í kassana.

2 Read and match

Lestu og tengdu saman setningahluta.



Let's do – Find someone who[©]

Í þessu verkefni æfa nemendur sig í að lesa og skilja já/nei-spurningar sem fela í sér æfingaorð kaflans. Áður en nemendur fá ljósritið er mikilvægt að ræða stuttlega hvernig spurningar eru myndaðar með því að nota myndir af to be og to do.

Dreifðu ljósritinu um bekkinn. Nemendur fara á milli og spyrja bekkjarfélaga sína spurninga af blaðinu. Nemendur skrifa niður nöfn þeirra sem svara játandi. Ef nemandi getur ekki svarað játandi fær hann/hún aðra spurningu. Hvettu nemendur til að heilsa kurteislega, spyrja og kveðja áður en þeir snúa sér að næsta bekkjarfélagi. Sýndu þeim dæmi:

- Hello Pétur.
- Hello Kristín.
- Are you interested in sport?
- Yes, I am. I love swimming.
- Thank you, bye bye.
- Goodbye.

Nemendabók bls. 6-7

Busy morning rap

Skoðið fyrst fyrirsögnina og myndirnar og spurðu nemendurna um hvað þeir haldi að textinn sé. Minntu á að þeir eiga að hlusta eftir orðum sem þeir þekkja.

- *I wonder, do any of you know what the word alarm clock means?*
- *Let's listen to the rap and see which other words we already know.*

Hlustið á rappið og nemendur syngja/rappa með til að æfa framburðinn. Þegar nemendur hafa lært textann er tilvalið að láta þá flytja rappið í hópum. Þeir eiga einnig að finna rím-orð í textanum. Sum rímorðanna hafa sömu endingar en önnur ríma í framburði en hafa ólíkan rithátt. Nemendur bera saman framburð og rithátt í hópunum.

Summer is over

FIRST! Is it good to be back in school after the holidays?

Endurtakið orðið *holiday* og biðjið nemendur um að koma með sumarfrís hugmyndir. Spurðu hvernig þeim þyki að vera komnir aftur í skólann og skrifaðu niður nokkur dæmi um svör, t.d. *It's nice. It's cool, It's OK. It's hard. It's great ...*

Hlustið á samtalið og láttu nemendur lesa það upp í þriggja manna hópum. Meta skal hvort nemendur eigi að fá tíma til að skiptast á hlutverkum eða hvort þeir eigi bara að einbeita sér að einni persónu.

Think and talk: *What is a friendship class?*

Láttu nemendur finna staðinn í textanum þar sem krakkarnir þrír tala um vinabekkina sína. Lesið kaflann upphátt og spurðu hvað nemendur telji að vinabekkur sé. Þetta samtal getur farið fram hvort sem er á ensku eða íslensku.

Verkefnabók bls. 7

3 Busy morning rap

Hlustaðu á *Busy Morning Rap* í nemendabókinni á bls. 6 og skrifaðu orðin sem vantar í eyðurnar.

4 Make it right

Skrifaðu tölustafi í reitina þannig að samtalið sé í rétttri röð.

ENGLISH AT HOME

- Lestu *Summer is over* upphátt.
- Finndu öll orð sem tengjast íþróttum í textanum. Segðu orðin upphátt og búðu svo til setningu með hverju orði.
- Búðu til samtal á sama hátt og í 4. verkefni í verkefnabókinni. Notaðu sama form en skiptu út orðum þannig að samtalið snúist um nýjar íþróttir.

Nemendabók bls. 8-9

We all like sport

FIRST! Which sports are you interested in?

Í textunum á bls. 8-9 lesa nemendur um þrjú börn frá Englandi, Bandaríkjunum og Ástralíu sem tala um íþróttáhuga sinn. Nemendur æfa setningagerðina *I'm interested in* og heyra dæmi um hvernig sagt er frá hvaða daga maður æfir, t.d.: *On Wednesdays, I ...*

Nemendur skiptast á að segja frá því hvaða íþróttagreinum þeir hafa áhuga á. Skoðið myndirnar við textann og ræðið hvaðan börnin koma og hvaða íþróttir þau stunda. Hlustið því næst á textana einu í einu og spurðu spurninga inn á milli til að hvetja nemendur til stuttra samræðna:

- *Olivia plays wheelchair tennis. Has any of you ever heard of that?*
- *Do you know what the Paralympic Games are?*
- *Do you know what cheerleading is? Do you think it's for both boys and girls? – Yes, you're right. It is.*

Ólympíuleikar fatlaðra er stærsta og virtasta íþróttamót í heimi fyrir fatlaða íþróttaiðkendur. Þeir eru haldnir í beinu framhaldi af Ólympíuleikunum, í sömu borg og á sama leikvangi.

Think and talk: *Which sport would you like to try?*

Þegar búið er að hlusta á og lesa textana geta nemendur sagt frá því hvaða íþróttagreinar þeir gætu hugsað sér að prófa. Það er líklegt að nemendur nefni einnig aðrar greinar en þær sem minnst er á og þurfi því orð sem bæði geta lýst íþróttinni sjálfri og þeim búnaði sem tilheyrir. Búðu e.t.v. til lista sem hægt er að hengja upp í bekknum og nemendur geta bætt við nýjum orðum eftir því sem við á, hvort sem er með hjálp frá orðabók eða bekkjarfélögum.

Það er mikilvægt að vekja athygli nemenda á því sem er líkt með tungumálunum þannig að þeir venjist því að byggja á áður fenginni þekkingu. Þetta er rauður þráður í kennsluefninu. Í þessum kafla eru mörg gagnsæ orð sem nemendur þekkja auðveldlega.

- *I wonder, are there any words here that are the same or almost the same in Icelandic and in English?*
- *Do you know if any of the words are the same in other languages? Yes, you're right. Tennis is the same in Icelandic, English and French.*

Gagnsæ orð

sport • school • club • send •
tennis • medals • saw • called •
week • help • ball, dribble
• shoot • BMX • best • full • knees
• elbows • metres • long • ramps

Did you know ...

Paralympic Games

Þetta er fyrsti textinn af nokkrum fagtextum í kaflanum sem dýpka á skilning, á ákveðnum viðfangsefnum. Meta skal hvort allur bekkurinn eigi að vinna með hann í sameiningu eða hvort nemendur eigi að hlusta og lesa tveir og tveir saman. Nemendur sem þurfa frekari áskoranir geta leitað upplýsinga um eigin Did you know-texta og lært meira um önnur efni, t.d. *cheerleading*.

Verkefnabók bls. 8

5 Listen, read and write


Hlustaðu á *We all like sport* og lestu setningarnar. Skrifðu *True (T)* eða *False (F)*. Athugið! Nemendur hafa ekki lesið um Thomas og Jenny heldur bara heyrt um þau. Hlustunartextarnir eru ekki alveg eins og lestextarnir þrátt fyrir að sömu persónur komi þar fyrir.

Hlustunartexti

1. *Olivia comes from London. On Mondays and Thursdays, she plays wheelchair tennis. Wheelchair tennis is hard, but great fun! On Fridays, she usually goes swimming, too!*
2. *Thomas and Jenny both live in Manchester in England. Many of their friends love playing football, but Jenny and Thomas don't like playing football. They are very interested in ballet and dancing. They practise dancing five days a week.*
3. *Sophia lives in the USA. She loves cheerleading. Sophia and her team practise every Wednesday. They help their basketball team win. They have just learnt to make a pyramid.*
4. *Cooper is interested in many sports, but BMX racing is his favourite. When he cycles, he often falls off his bike. That is why he always wears a full-face helmet and pads on his knees, elbows and shoulders. Oh, and he always wears gloves, too.*

6 Word hunt

Orðaleit. Leitaðu að orðum og setningum í *We all like sport* í nemendabókinni á bls. 8-9. Þetta er lestrarverkefni sem æfir nemendur í að finna ákveðnar upplýsingar um þessar fjórar persónur. Þeir þurfa að þekkja orðið *easy* til að geta svarað 4. spurningu.



Let's do – Quiz-Quiz-Trade©

Í þessu verkefni þjálfast nemendur í að spyrja og svara spurningum um íþróttir. Þeir spyrja bekkjarfélagana sömu þriggja spurninganna en svara mismunandi út frá spilunum sem þeir hafa.

Hver nemandi fær eitt spil. Með spil í annarri hendinni og hina upprétta fara nemendur um bekkinn og leita að félagi sem er líka með höndina á lofti. Þegar þeir finna félagann gefa þeir hvor öðrum fimmu. Nemandi A spyr spurninganna sem standa á spilinu. Nemandi B svarar. Svo spyr nemandi B sinna spurninga og A svarar. Áður en A og B kveðjast og finna nýjan félagi skiptast þeir á spilum. Þannig hafa nemendur nýtt spil í hvert skipti sem þeir mæta nýjum félagi.



English at home

- a. Veldu einn af textunum frá *We all like sport* og lestu hann upphátt.
- b. Segðu frá uppáhaldsíþróttagreininni þinni. Bættu við smáatriðum um t.d. æfingatíma eða útbúnað. Notaðu setningagerðirnar *I'm interested in ...*, *On Wednesdays*, *I ...* og *I need ...*
- c. Segðu frá því sem þú veist um Oliviu, Sophiu og Cooper. Notaðu setningagerðir eins og *She likes ...*, *She practises ...*, *She needs ...*

Nemendabók bls. 10-11

Join my diving club

FIRST! What is a hobby?

Ræðið orðið *hobby* og spurðu nemendur hvort það sé orð sem þeir nota líka á íslensku, eða hafi heyrt aðra nota. Síðan skima þeir textann og leita að gagnsæum orðum. Það er líka hægt að láta þá skima í leit að frekari upplýsingum, t.d. *What do we learn about Alex' hobby? What do we hear about his sports gear? Which days does he train? Where does he go to school?* Þá eru allir tilbúnir til að hlusta á textann og e.t.v. má láta nemendur lesa hann upphátt í pörum. Nemendur hafa nú heyrt nokkur börn frá enskumælandi löndum tala um íþróttáhuga sinn. Ræðið að þessi börn hafi sameiginlegt tungumál og að enska sé heimsmál. Bentu á löndin á landakorti og leyfðu nemendum að koma með sínar ágiskanir um hvar annars staðar í heiminum sé líka töluð enska. Nýttu eigin reynslu nemenda m.t.t. ferðalaga eða móðurmáls.

Vinnið verkefni 7-8 í verkefnabókinni á bls. 9.

The wrong gear

FIRST! Look at the picture. What do you think is wrong?

Skoðið myndina og láttu nemendur giska á hvað hefur gerst. Hvað geta þau lýst myndinni í mörgum orðum? Hlustið á sms-samskiptin á milli Amelíu og bræðra hennar þar sem áhersla er á orðaforða um íþróttuútbúnað. Með þann orðaforða sem grunn geta nemendur unnið áfram og t.d. flokkað orð eftir sviðum eins og *sports indoors and outdoors, clothes, team sports and individuel sports* o.s.frv.

Think and talk: *What kind of gear do you need for your sports?*

Nemendur skiptast á að segja frá þeim útbúnaði sem þeir nota við íþróttaiðkanir.

Vinnið verkefni 9-10 í verkefnabókinni.

Aukaverkefni:

I remember: Veldu orð úr kaflanum, t.d. áhersluorð eða orð úr ákveðnum orðflokki, og skrifaðu þau á töfluna. Nemendur horfa á orðin í 15 sekúndur áður en þau eru strokuð út. Spurðu *Which words do you remember?* og láttu nemendur skiptast á að koma upp að töflu og skrifa þau upp.

I like everyone who likes...: Nemendur sitja á stólum í hring. Einn stendur í miðjunni og segir *I like everyone who likes ...* íþrótt, t.d. *diving*. Allir nemendur sem hafa gaman af dýfingum standa upp og finna sér nýjan stað. Nemandinn í miðjunni reynir að næla sér í auðan stól. Sá nemandi sem ekki fær sæti segir nýja setningu með *I like everyone who likes ...* íþrótt.

Verkefnabók bls. 9-10

7 Read and write

Lestu *Join my diving club* í nemendabókinni á bls. 10 og svaraðu spurningunum.

8 Circle the verbs and write sentences

Dragðu hring utan um sagnorðin. Skrifðu sagnorðin á línurnar þannig að setningarnar verði réttar.

9 What do you need?

Skrifaðu hvaða útbúnaður tilheyrir þessum tveimur íþróttagreinum.



10 What's in your sports bag?

Skrifaðu niður það sem er í íþróttatöskunni þinni. Láttu bekkjarfélaga geta upp á hvaða íþrótt þú stundar. Spurðu hvað félagi þinn sé með í sinni tösku. Gerðu eins og sýnt er í dæminu.

Í þessu verkefni vinna nemendur saman í pörum. Fyrst skrifa þeir um sína eigin íþrótt og síðan fá þeir upplýsingar um íþrótt félaga síns. Farið yfir dæmið saman. Það getur hentað vel að bæta við verkefnið þannig að nemendur spyrji fleiri bekkjarfélaga um þeirra íþrótt.

ENGLISH AT HOME

English at home

- Lestu textann *Join my diving club* upphátt. Æfðu þig vel þar til þú ert sátt/sáttur við framburð og flæði. Taktu lesturinn upp og sendu kennaranum þínum.
- Segðu frá því sem þú veist um Alex. Notaðu setningagerðir eins og *He likes ...*, *He practises ...*, *He needs ...*.
- Láttu félagi þinn skrifa orð úr textunum á miða. Horfðu á orðin í 15 sekúndur og reyndu að leggja orðin á minnið. Skrifðu orðin og berðu þau saman við fyrri miðann.
- Skrifaðu eigið sms-samtal um *The wrong gear*. Notaðu orðin sem þú hefur lært um íþróttatöskunum.

Nemendabók bls. 12-13

Sports camp

FIRST! What do you know about football?

Rifjaðu upp orð eins og *team sport*, *t-shirt*, *shorts*, *ball* og *goal* með því að spyrja hvað nemendur viti um fótbolta. Talið e.t.v. um frægar fótboltastjórnur og um hversu margir í bekknum spili fótbolta.

Síðan skima nemendur yfir dagskrána og benda á íþróttagreinarnar. Þekkja þeir allar greinarnar? Hvaða íþróttir eru vinsælastar í bekknum? Spurðu hvernig dagskrá nemendur myndu setja saman og láttu þá útskýra hvað þeir myndu vilja hafa í henni. Hjálpaðu þeim að búa til setningar svo þeir geti sagt hvers vegna þeim líki við/líki ekki við ákveðna íþróttagrein, t.d.

Why would you choose hiking? I would choose hiking because I like being outside, and I like quiet activities/I wouldn't choose hiking because I think it's hard/boring/difficult.

Think and write: Text with a friend about a sport you would like to try. Use the texts in your book to help you.

Nemendur skrifa tveir og tveir saman stuttan sms-samtalstexta um uppáhaldsíþróttina sína. Þeir geta notað setningagerðir eins og *I would like to try, It would be great to try, I think I would be good at ..., I'm not sure, but I think I would like ...* Sem svarmöguleika er tilvalið að nota t.d.: *Me too, That's a good idea, Really? Not me..., I don't think that I would like that.*

Vinnið verkefni 11-14 í verkefnabók.

A new friend

Nemendur fylgjast með sms-samskiptum á milli Jónasar og Jack. Þeir kynntust í íþróttabúðum í London og skrifa nú á um hvað þeir hafa gert heima hjá sér. Samtalinu lýkur með því að Jack sendir uppskrift að Chocolate chip cookies til Jónasar. Það er upplagt að baka kökurnar með nemendum – þær eru bæði auðveldar og fljótlegar.

Vinnið verkefni 15 í verkefnabók.

Verkefnabók bls. 11-13

11 Make a schedule for your dream camp

Búðu til þína eigin dagskrá.

12 Find and circle

Lestu textann og dragðu hring utan um orðin.

Let's play

Let's play – Use the circled word and battle

Nemendur búa til setningar, innan ákveðins tímaramma, úr algengustu orðunum í verkefni 12. Þeir nota orðin í eigin setningar og eiga að geta lesið setningarnar upphátt. Þar að auki skulu orðin vera rétt notuð í setningunum.

Annað tilbrigði er að klippa pappírsmiða með algengustu orðunum út og setja þá í öskju. Allir nemendur draga einn miða. Þeir lesa orðið og nota það til að búa til setningu, t.d.:

- *Many. What does the word mean? Can you make a sentence using the word many?*

- *There are many children in my class.*
- *Well done!*

13 What are you interested in...?

Veldu fjórar íþróttagreinar og skrifaðu þær á línurnar. Finndu út hversu margir í bekknum þínum hafa áhuga á þeim. Spurðu: *Are you interested in ...?* Gerðu talningarstrik.

14 How many?

Skrifaðu setningar um niðurstöður könnunarinnar.

Let's do

Let's do – Find someone who[©]

Nemendur fara um með bókina í hönd og finna bekkjarfélagaga sem hafa fengið sömu niðurstöðu og þeir í könnuninni. Sjáðu til þess að allir nemendur skilji leiðbeiningarnar og markmið verkefnisins.

Gerðu þannig:

- *Hello Adam.*
- *Hello Óliver.*
- *Do you also know three classmates who like football?*
- *Yes, I do./No, I only know two.*
- *Thank you. Goodbye.*

15 Over to you

Fylltu út í tómu ramma í verkefnabókinni og segðu frá þér og íþróttinni þinni. Búðu til kynningu fyrir bekkinn. Svo skaltu vinna með námsmatssíðurnar *Let's go!*

Let's do more – Leiðsagnarmat

Nemendur vinna saman í pörum með verkefnið *Do you remember?* Hér geta þeir endurtekið orðaforða og innihald úr textum kaflans. Það er tilvalið að nota verkefnið sem lið í leiðsagnarmatinu þar sem þú sem kennari getur fylgst með því hvernig nemendur fást við spurningarnar og hvaða aðferðir þeir nota. Gerðu þannig:

Nemendur skiptast á að kasta teningi. Punktarnir sýna hvaða spurningu þeir skulu vinna með. Einn nemandi les spurninguna upphátt og annar svarar.

Tilbrigði: Vinnið verkefnið saman og ræðið hvernig svara má spurningunum sem best. Verkefnið er til útprintunar á vefsvæði bókarinnar.



Wizards and witches

Í **Wizards and Witches** er unnið með orðaforða sem m.a. tengist hrekkjavökunni en textinn býður einnig upp á samræður um nornir, drauga og ýmsar kynjaverur. Útgangspunktur kaflans er í hinu ævintýralega, fantasíuheiminum, með ljóðum og textum um nornir og galdrakarla. Nemendur kynnst tungubrjótum og æfa sig í framburði á w. Þeir skoða einnig uppskrift að *Spooky spiders*. Seinna í kaflanum vinna þeir með lýsingu á hrekkjavöku í skoska kastalanum Culzean og texta um Borgarvirki. Í skype-samtali á milli Jacobs og frænda hans er talað um hvernig haldið er upp á hrekkjavöku í Bandaríkjunum. Í kjölfarið er tilvalið að ræða um hvernig haldið er upp á hrekkjavöku á Íslandi. Aftast í kaflanum er önnur uppskrift: *Halloween drink*.

Orð og setningagerðir kaflans

- *Witch, wizard, ghost, dragon, toad, castle, cave, wand, brave, scared*
- *There is ...*
- *There are ...*
- *How do you ...?*

Málfræðileg áhersla

- Framburður og stafsetning

Framburður og stafsetning

- /w/ og /v/ *witch, very*
- /ei/ *cave, brave*
- /i/ *happy, he, she*

Verkefnabók bls. 16-17

Námsmarkmið

Soon

- I can use adjectives and describe people or places.
- I can talk about Halloween traditions.
- I can use pronouns when I talk and write.

Í þessum kafla æfa nemendur sig í að nota persónufornöfn. Unnið er með þau bæði í kyni og tölu. Á þessu þrepi er mikilvægast að nemendur séu meðvitaðir um samhengið á milli máls og málfræði og venji sig á taka eftir því sem er líkt og ólíkt m.t.t. annarra tungumála. Á yfirlitinu á bls. 16 í verkefnabókinni sjá nemendur að persónufornafnið *you* er eins í eintölu og fleirtölu og að það er bara ein mynd fyrir 3. pers. ft.: *they*.

Skoðið myndirnar og lesið setningarnar saman. Látið nemendur finna og benda á mismunandi fornöfn og biðjið þá að athuga sérstaklega hvernig fornöfnin eru notuð í einstöku samhengi. Lítið aftur á töfluna neðst á síðunni og látið nemendur koma með dæmi um setningar þar sem fornöfnin koma fyrir.

Þrátt fyrir að fornöfnin *he, she* og *we* séu borin fram með löngu sérhljóði /i:/, þegar löggð er áhersla á þau og/eða þau standa ein, er betra að lýsa hljóðinu sem stuttu /i/, einkum þar sem það er algengur framburður í talmáli.

A Circle the pronouns

Lestu textann og dragðu hring utan um öll fornöfnin.

B Write the correct pronouns

Skrifaðu réttu fornöfnin í eyðurnar. Veldu fornöfn úr rammanum. Sum eru notuð oft. Þegar nemendur hafa leyst verkefnið og skrifað fornöfnin inn í textann er hægt að skiptast á að lesa textann og lesa upp sérnöfnin Veronica og Vernon í staðinn fyrir fornöfnin. Nemendur uppgötva samstundis hvernig textinn breytist og verður tilbreytingarlaus og flatur.



Drill

Vinnið með verkefnið á vefsvæðinu.

Nemendabók bls. 16-17

Kveikjmyndin

Byrjaðu alltaf á því að vinna með kveikjmyndina og notaðu hana til að koma af stað samtali á ensku.

- *Tell me, what can you see in this picture?*
- *What are the children doing?*
- *What do you think this chapter is about?*

Nemendur þekkja mörg áhersluorðanna og geta gefið dæmi um hvernig hægt er að nota þau.

- *Where do we often meet a dragon or a toad?*
- *Who lives in a castle?*
- *Find the witch. What can you tell about her?*

Ný orð og setningagerðir

Hlustið á æfingaorðin og láttu nemendur vinna með þau. Þeir geta endurtekið orðin eða notað þau í setningar sem þeir búa sjálfir til:

- **Witch.** *The witch has a cat.*
- **Wizard.** *The wizard has a hat and a wand.*

Notið setningagerðirnar og nemendur svara á sinn hátt:

- *How do you get to the castle if you're a witch? Yes, that's right. You fly!*
- *To do a magic trick, you need a wand. Tell me where you can find a wand. There is ...*
- *How many stars are there on the boy's costume? There are ...*



Hlustið og skoðið kveikjmyndina

Skoðið kveikjmyndina saman og spilið hlustunartextana. Nemendur benda á persónur og athafnir og búa til setningar um myndina þegar búið er að hlusta á alla texta.

Hlustunartextar fyrir kveikjmyndina

1. *Look, I can see the castle now. We are almost there, Evie! But what is that sound? It sounds like a big bird flying. It's a witch! I'm scared. Can you see the witch? Write 1.*
2. *There are many rooms in the castle. The princess's room has a big window. Can you spot the princess looking out of her window? Write 2.*
3. *Listen, I can hear a sound. It is "Boo!" Where does the sound come from? Who is making that sound? Maybe it is a ghost? Please help me. Where is it? Write 3.*
4. *What's that little green thing? It looks like a toad. It's jumping. Can you put your finger on the toad? Write 4.*
5. *I wonder what kind of food the wizard is making. He is in his castle, in his kitchen. There is a witch in there, too. She is helping the wizard. Can you see the wizard and the witch? Write 5.*
6. *Oh, look over there! A big animal with fire coming out of its mouth! Look, it has very big teeth, too. And it has wings. Is it a bird? A very big bird? No! Oh, help! It's a dragon! Do you see it? Write 6.*

Verkefnabók bls. 18

1 Listen and mark

Hlustaðu og skrifaðu rétta tölustafi í kassana.

2 Write

Lýstu öðru barnanna. Veldu hvaða orð þú vilt nota.



Let's do – Quiz-Quiz-Trade©

Verkefnið æfir orðaforðann. Breytið til með því að láta nemendur búa til setningar með orðunum þannig að þeir takmarki sig ekki eingöngu við að þýða.

Hver nemandi fær eitt spil. Með spil í annarri hendinni og hina höndina upprétta fara nemendur um bekkinn og leita að félagi. Þegar þeir finna félag gefa þeir hvor öðrum fimmu. Nemandi A spyr spurninganna sem standa á spilinu. Nemandi B svarar. Svo spyr nemandi B sinna spurninga og A svarar. Áður en A og B kveðjast og fara að finna nýjan félag skiptast þeir á spilum. Þannig hafa nemendur nýtt spil í hvert skipti sem þeir mæta nýjum félagi.

Nemendabók bls. 18-19

The invitation

FIRST! Do you know any famous witches or wizards?

Ræðið sameiginlega í bekknum um nornir eða galdrakarla sem nemendur þekkja úr bókum eða kvikmyndum áður en textinn *The invitation* er lesinn. Ef áhugi er mikill á efninu má halda strax áfram með *Did you know*-textann neðst á síðunni. Annars er hann hugsaður til lestrar þegar nemendur hafa unnið með alla textana á opnunni og eru orðnir öruggari með efnið og viðeigandi orðaforða.

Hlustið á *The invitation* og látið nemendur fylgjast með í bókinni. Textinn er samtal á milli stúlknanna Ameliu og Isabellu og það er upplagt að nota hann sem hlutverkaleik. Spyrjið e.t.v. spurninga úr textanum. Haldið áfram með verkefni 3 og 4 í verkefnabókinni.

Tongue twisters

FIRST! What is a tongue twister?

Með því að skima textann geta nemendur e.t.v. getið sér til um hvað tongue twister er. Hlustið og fylgist með í bókinni og takið vel eftir /w/. Það getur verið erfitt fyrir íslenska nemendur að bera fram samhljóðið /w/ og því er mikilvægt að þeir þekki það vel og þekki muninn á /w/ og /v/. Gerið hann sýnilegan með því að segja Veronica (þar sem hljóðið er tannvaramælt) og witch (þar sem settur er stútur á varirnar)..

Think and talk: Count all the words beginning with w on this page and say them. Try to make your own tongue twister. Use words with v and w. Sumir nemendur láta sér nægja að segja stuttar setningar en aðrir búa til langar setningar sem bæði innihalda /w/ og /v/.

Which Witch Is Which?

Hlustið á ljóðið og gefið góðan tíma þannig að nemendur geti einnig sjálfir lesið það upphátt. Það getur verið erfitt bæði að einbeita sér að /w/ og /v/ á sama tíma og hrynjandi ljóðsins er fundin. Hægt er að skipta bekknum þannig að sumir nemendur æfi sig á öllu ljóðinu á meðan aðrir lesa e.t.v. bara eina eða tvær málsgreinar.

Vinnið með verkefni 5-6 í verkefnabókinni.

Verkefnabók bls. 19-20

3 Find information

Lestu setningarnar. Finndu svörin í *The invitation* í nemendabókinni á bls. 18 og skrifaðu þau á línurnar.

4 Fill in the missing words

Skrifaðu á línurnar þau orð sem vantar í textann. Sum orðin eru notuð oft.

5 Circle words that begin with w

Dragðu hring utan um þau orð sem byrja á w og skrifaðu þau á línurnar.

6 Write your own tongue twister

Veldu þrjú orð úr 5. verkefni og búðu til þinn eigin tongue twister.

ENGLISH AT HOME

English at home

- Lestu ljóðið *Which Witch Is Which* upphátt. Notaðu gjarna mismunandi raddir fyrir hverja norn.
- Finndu öll orð sem tengjast nornum og galdrakúnstum í textanum. Segðu orðin upphátt og búðu svo til setningu þar sem orðin eru notuð.

Nemendabók bls. 20-21

Secret party at the castle

FIRST! What is a challenge?

Athugaðu hvort nemendur þekki orðið *challenge* og láttu þá koma með dæmi um hvernær þeir heyra það eða nota það sjálfir. Þeir eiga síðan að finna orðið í textanum með því að skima hann og geta sér til um hvað hann fjallar. Hlustið fyrst og lesið síðan allan textann.

Markmiðið er að nemendur læri einfalda stafasamsetningu og samhengið á milli hljóða og bókstafa. Þannig samsetningu er m.a. að finna í mörgum einsatkvæðisorðum með sérhljóðinu *a* og með hljóðu *e* í lok orðs. Hljóðið /ei/ geta nemendur endurtekið og æft í þessum kafla í orðunum *brave* og *cave*, *case* og *make*.

Þeir þekkja nú þegar mörg önnur, t.d. *take*, *shake*, *snake*, *game* og *late*. Minntu nemendur einnig á að bókstafurinn *t* í orðinu *castle* er ekki borinn fram. Rétti framburðurinn er /ka:s(ə)!/.

Think and talk: *How would you feel about going into the castle?*

Spurningin gefur möguleika á að nota lýsingarorð. Meta skal hversu mikla hjálp nemendur þurfa til að geta svarað spurningunni og e.t.v. er gott að taka tíma í orðaforðavinnu fyrir samtalið.

Do Witches Have Babies?

Ljóðið gefur möguleika á vinnu með framburð, hljómfall og innlifun. Mikilvægt er að gefa nemendum tækifæri til að hlusta á ljóðið nokkrum

sinnum og þeir þurfa að þekkja orðaforðann áður en þeir lesa ljóðið sjálfir upphátt. Ljóða-verkefni eru vel til þess fallin að dýpka mála-kunáttu nemenda og jafnframt er mikilvægt að nemendur upplifi muninn á milli ólíkra texta-gerða kaflans.

Vinnið verkefni 7 í verkefnabók.

A spooky afternoon

FIRST! What do you think Amelia will do at the party?

Spurningin gefur nemendum bæði möguleika á að giska á og rifja upp orðaforða.

Notaðu texta og myndir til að giska á orð og láttu nemendur geta upp á hvað það er sem Amelia á að gera. Það er tilvalið að láta nemendur líka giska á hvað það er sem hún á að borða og drekka.

Farið í gegnum dagskrána öll saman eða tvö og tvö. Nemendur segja frá hvaða dagskrárlíði þeim líst best á og hvers vegna. Taktu frá tíma til að búa til *Spooky spider cookies*.

Vinnið verkefni 8-9 í verkefnabókinni.

Verkefnabók bls. 21-22

7 Crossword

Leystu krossgátuna.

Let's
play

Let's play – Use the words from the crossword and battle

Skiptu bekknum upp í fimm hópa. Skrifaðu einn af tölustöfunum frá krossgátunni á töfluna og segðu nemendum að finna fimm orð með sama upphafsþákstaf og orðið í krossgátunni. Skrifaðu t.d. *fourteen*. Í krossgátunni stendur *cauldron* í röð nr. 14 og nemendur fá ákveðinn tíma til að finna fimm orð sem byrja á *c*. Þeir rétta upp hönd þegar þeir eru búnir. Hópurinn þarf bæði að geta sagt orðið og útskýrt merkingu þess til að fá stig. Ef maður vill þyngja verkefnið er líka hægt að láta hópinn segja setningu með orðinu.

8 Circle and sort the adjectives

Dragðu hring utan um lýsingarorðin og teldu þau.

9 Write the answer

Lestu spurningarnar og skrifaðu svör Amelíu.



Let's do – Mix-N-Match©

Allir nemendur fá spil með setningu. Með spilið í hönd fara nemendur um bekkinn og skiptast á spilum við þá sem þeir hitta. Þegar kennarinn segir „Match“ leita nemendurnir að bekkjarfélaga sem hefur spil sem passar við þeirra. Þegar þeir hafa fundið hvor annan stíga þeir til hliðar. Þegar allir hafa fundið sitt „match“ og sannreynt spilin segir kennarinn „Mix“ og leikurinn byrjar upp á nýtt. Minntu nemendur á að þeir eiga að lesa alla setninguna upphátt áður en þeir skiptast á spilum. Það er hægt að fara í gegnum allar setningarnar áður en byrjað er svo nemendur viti hvaða setningar passa saman. Lausnir eru á vefsvæðinu.

ENGLISH AT HOME

English at home

- Lestu textann *Secret party at the castle* upphátt.
- Búðu til orðalista yfir orð sem þú þekkir eða getur fundið sem tengjast draugagangi, göldrum eða einhverju hræðilegu/óhugnalegu.

(Þessa lista má svo vinna með í skólanum eftir á. Bera saman listana. Hvaða orð voru algengust? Hvaða orð komu bara fyrir hjá einum? Gera skoðanakönnun um óhugnalegasta/draugalegasta orðið o.s.frv)

Nemendabók bls. 22-23

Have a spooky halloween at Culzean

Í þessum texta fá nemendur kynningu á skoska kastalanum Culzean. Í textanum er bæði lýsing á kastalanum og á *The haunted castle tour*. Leggðu áherslu á lýsingarorð í textanum. Í framhaldi lesa nemendur um Borgarvirki og í *Did you know*-textanum fræðast þeir um Halloween-hefðir í Bandaríkjunum.

Borgarvirki

Textinn er hugsaður sem innlegg í samanburð á menningarheimum. Sagt er í stuttu máli frá virkjum og hlutverkum þeirra og Borgarvirki kynnt til sögunnar.

Spyrjið nemendur hvort þeir hafi séð kastala á Íslandi. Ræðið saman í minni hópum hvers vegna ekki. Hver hópur kynni sína niðurstöðu í stuttu máli á ensku. Kennari hjálpar til með orðaforða þar sem vantar upp á. Í lok textans eru nemendur spurðir hvort þeir þekki til fleiri draugalegra staða á Íslandi. Þá spurningu er unnið með áfram í heimanámi.

ENGLISH AT HOME

English at home

- Veistu um stað á Íslandi sem er draugalegur, drungalegur eða ævintýrlegur? Ef þú manst ekki eftir neinum getur þú fengið ábendingar frá ættingjum eða vinum. Leitaðu svo upplýsinga um staðinn á netinu eða í bókum og búðu til stutta kynningu. Gjarna með myndum sem lýsa stemningunni.
- Finndu lýsingarorð í textunum um *Halloween* og skrifaðu þau niður. Lestu eitt orð í einu og búðu til setningu með því.

Verkefnabók bls. 23-24

10 Answer the questions

Lestu *Have a spooky Halloween at Culzean* í nemendabókinni á bls. 22-23 og svaraðu spurningunum.

11 Write the missing words

Skrifaðu á línurnar þau orð sem vantar í textann og lestu hann svo upphátt.

12 Throw the dice

Kastaðu teningi og finndu út hvaða orð úr flokkunum fjórum þú átt að nota. Skrifaðu sögu.

Nemendabók bls. 24-25

Trick or treat

FIRST! What is the best thing about Halloween?

Allir nemendur ættu að geta svarað þessari spurningu í framhaldi af vinnu þeirra með texta kaflans, myndirnar eru góður stuðningur líka. Hlustið saman á samtalið og nemendur halda síðan áfram sjálfir og æfa upplestur tveir og tveir saman. Samtalinu lýkur með því að ameríska fjölskyldan sendir uppskrift af hrekkjavökudrykk sem Amelia og Jacob prófa síðan. Ræddu við nemendur um þau innihaldsefni sem á að nota. Spurðu líka hvort þeir þekki aðrar sérstakar hrekkjavöku-uppskriftir.

Think and talk: Ræddu um hefðbundna hrekkjavöku-búninga. Nemendur geta e.t.v. leitað að hugmyndum á netinu og sagt frá hvaða búningar þeim finnast flottastir og hvers vegna.

Halloween drink and frozen fingers

FIRST! What is your favourite drink?

Nemendur geta unnið með bæði spurningar og uppskriftir í pörum. Þeir hlusta á samtalið og æfa upplestur. Gættu þess að nemendur skipti um hlutverk og að þeir þekki orðaforðann. Þegar nemendur eru öruggir með framburð og hljómfall geta þeir tekið samtalið upp til að hægt sé að meta það.

Verkefnabók bls. 25

13 Read and write

Lestu *Trick or treat* í nemendabókinni á bls. 24 og svaraðu spurningunum.

14 Make it right

Skrifaðu tölustafi í kassana svo að samtalið sé í réttri röð.



Let's do – Find someone who

Í þessu verkefni æfa nemendur sig í að lesa og skilja já/nei-spurningar sem fela í sér æfingaorð kaflans. Áður en nemendur fá ljósritið er mikilvægt að tala stuttlega um hvernig spurningar eru myndaðar með því að nota myndir af *to have*, *to be* og *to do*. Dreifðu ljósritinu um bekkinn. Nemendur fara á milli og spyrja bekkjarfélaga sína spurninga af blaðinu. Nemendur skrifa niður nöfn þeirra sem svara játandi. Ef nemandi getur ekki svarað játandi fær hann/hún aðra spurningu. Hvettu nemendur til að heilsa kurteislega, spyrja og kveðja fallega áður en þeir fara til nýs bekkjarfélaga. Þegar nemendur leika Find someone ... má bara fá eina kvittun frá hverjum bekkjarfélaga. Því verða þeir að tala við marga til að fylla út blaðið sitt.

Let's do more – Leiðsagnarmat

Nemendur vinna saman í pörum með verkefnið Do you remember? Hér geta þeir rifjað upp orðaforða og innihald úr textum kaflans. Það er tilvalið að nota verkefnið sem lið í leiðsagnarmatinu þar sem þú sem kennari getur fylgst með því hvernig nemendur fást við spurningarnar og hvaða aðferðir þeir nota.

Gerðu þannig: Nemendur skiptast á að kasta teningi. Punktarnir sýna hvaða spurningu þeir skulu vinna með. Einn nemandi les spurninguna upphátt og annar nemandi svarar.

Tilbrigði: Vinnið verkefnið saman og talið um hvernig hægt er að svara spurningunum sem best.



A trip to London

Margir nemendur í fimmta bekk þekkja til London og kannast við einhver af sérkennum borgarinnar. Í þessum kafla er lögð áhersla á að geta sagt til vegar, að ferðast einn til stórborgar og á útvalin kennileiti og viðburði í London. Kaflinn inniheldur bæði ljóð og lag sem gefur nemendum tækifæri til að æfa framburð og hljómfall. Í *Did you know*-textanum læra nemendur um leikhús í London og fá inn-sýn í leikhúsuppfærsluna *Chitty Chitty Bang Bang*. Markmið kaflans er að gefa dæmi um hvernig nemendur geta talað um ferðalög sín og sagt frá því sem þeir gætu hugsað sér að gera í ferðalaginu. Og mikilvægi þess að taka einnig tillit til óska ferðafélaga. Í kaflanum eru dæmi um hvað hægt er að gera í London. Vinna má áfram með þá staði eða finna önnur kennileiti að vinna með. Ræðið hvernig nemendur upplifa London og, ef við á, hvaða reynslu þeir hafa af öðrum enskumæl-andi borgum.

Vektu athygli nemenda á u-framburðinum í orðunum *church* og *turn*. Réttu hljóðið er /ə:/. Nemendur þekkja hljóðið úr orðum eins og *bird*, *first* og *third*. Benda má á að varirnar eiga að mynda hring og vera slakar þegar orðin eru sögð.

Ræddu einnig framburð á samstöfunni -ight. Þessa stafsetningu sjá nemendur í orðunum *lights* og *right*. Framburðurinn er (ai). Það eru mörg orð sem enda á -ight, t.d. *night*, *fight*, *bright*, *might*, *knight*, *sight* og því er mikilvægt að nemendur kunni framburðinn vel. Hægt er að búa til tungubrjóta eða rím til að æfa hann, t.d.: *A fight with a knight – what a sight! Good night – out with the light!*

Orð og setningagerðir kaflans

- *town, street, turn left, turn right, bridge, shop, church, theatre, plane, traffic light*
- *How do I get to ...?*
- *I'm going to ...*

Málfræðileg áhersla

- Notkun á forsetningum til að lýsa stefnum og staðsetningu.
- Framburður og stafsetning
- /ə:/ *church, turn*
- /aɪ/ *lights, right*

Verkefnabók bls. 28-29



Soon

- I can follow directions and read a map.
- I can talk about places to visit in London.
- I can understand when people talk about travelling.
- I can use prepositions when I talk and write.

Í þessum kafla vinna nemendur með forsetningar sem lýsa stefnum og staðsetningu. Áður en farið er í bls. 28-29 í verkefnabókinni mætti rifja upp þekkingu nemenda á forsetningum. Taktu hlut og settu hann á ólíka staði, t.d. ofan á, undir, yfir, eða við hliðina á borði.

Forsetningar

Talaðu um að það komi sér vel að geta vísað veginn og lítið saman á dæmið á bls. 28 og listann yfir forsetningar. Síðan má fara yfir námismarkmið kaflans og nemendur geta unnið með verkefni *A Read, think and write*. Að því loknu er tilvalið að æfa sig á setningagerðunum *I'm going to ...* og *How do I get to ...?* Nemendur skiptast á að velja hvar þeir eru og hvert þeir eru að fara og æfa sig að vísa veginn með hjálp forsetninganna.



A Read, think and write

Skoðaðu kortið af West End Shopping Centre. Lýstu því hvernig maður kemst á milli staða.



Drill

Vinnið með verkefnið á vefsvæðinu.

Nemendabók bls. 28-29

Kveikjmyndin

Byrjaðu alltaf á því að vinna með kveikjmyndina og notaðu hana til að koma af stað samtali á ensku.

- Tell me, what can you see in this picture?
- Have you ever been to London?
- Do you know the name of the buildings?
- Look at the cars. What's special about them?

Nemendur þekkja mörg áhersluorðanna og geta gefið dæmi um hvernig hægt er að nota þau.

- What's your favourite shop?
- Do you ever go to church?
- Have you ever travelled by plane?
- Do you know the difference between a town and a city?

Ný orð og setningagerðir

Hlustið á æfingaorðin og láttu nemendur vinna með þau. Þeir geta endurtekið orðin eða notað þau í setningar sem þeir búa sjálfir til:

- **Town.** I live in a small town.
- **Theatre.** I like going to the theatre.

Notið setningagerðirnar og nemendur svara á sinn hátt:

- What would you order at the Tea Shop?
- How can you visit London?
- Look at the picture, and name five things with different colours. Let me start: a grey dove.

Hlustið og skoðið kveikjmyndina

Skoðið kveikjmyndina saman og spilið hlustunartextana. Nemendur benda á persónur og athafnir og búa til setningar um myndina þegar búið er að hlusta á alla textana.

Hlustunartextar fyrir kveikjmyndina

1. Look, I can see a plane up in the sky. I can hear it, too. You can see all the streets and all the houses. You can see cars and buses. Can you spot the plane? Write 1.
2. There are many streets in this town, and there are many shops. There is a little dog sitting in front of a shop. They sell dog food in that shop. It is a pet shop. Can you put your finger on the dog? Write 2.
3. Amelia loves riding her bike. Right now, she is riding her cousin's bike in London. She is cycling past a big church. She is wearing a helmet and her yellow T-shirt. Can you see her? Write 3.
4. There is a lot of traffic in London – cars and buses. For most people, it is best to walk or take the underground. But sometimes, it is a good idea to take a taxi. Most London taxis are black. Write 4.
5. There are many tourists in London. They walk all over the city and get tired and hungry. They like to sit in cafés to have lunch and rest their feet. Can you see the open-air café next to the park? Write 5.
6. The big river in London is called the River Thames. Look at the bridges over the river. People can walk over the bridges, and cars and buses can drive on them. Tower Bridge can even open. Write 6.

Verkefnabók bls. 30

1 Listen and mark

Hlustaðu og skrifaðu rétta tölustafi í kassana.

2 Write the correct answer

Skoðaðu kveikjumyndina aftur og svaraðu spurningunum í heilum setningum.

Nemendabók bls. 30-31

We're going to London

FIRST! Where have you travelled to?

Ræddu við nemendur um ferðalög. Hvort myndu þeir heldur kjósa ferðalög innanlands eða erlendis? Sólarlandaferðir eða borgarferðir? Hverjir hafa ferðast í Evrópu? Hversu margir hafa komið til London? Skoðið síðan myndirnar og láttu nemendur geta sér til um hvað textinn fjallar um. Hjálpaðu þeim af stað með því að spyrja spurninga, t.d.

- Why do you think Amelia is so happy?
- What do you think the girls are talking about?
- Where are the girls?
- What do you need when you travel?
- Which airport will Amelia go to?

Hlustið á samtalið á milli Ameliu og Isabellu og nemendur fylgjast með textanum í bókinni. Nemendur lesa því næst samtalið upphátt í þörum. Bíddu með að vinna með spurninguna í *Think and talk* þar til nemendur hafa leyst verkefnið í verkefnabókinni. Vektu athygli þeirra á að ferðahugtök með lest og flugvél eru tengd forsetningunni *by* á ensku: *by plane, by train*. Minntu á að það er mikilvægt að læra samsetningar forsetninga og nafnorða sem eina heild en ekki sem stök orð.

Verkefnabók bls. 31

3 Ask and answer

Lestu *We're going to London* í nemendabókinni á bls. 30 og svaraðu spurningunum.

4 Fill out the cards

Skoðaðu hugsanablöðurnar og fylltu út kortin.



Let's do – Quiz-Quiz-Trade©

Nemendur æfa sig á röð setningagerða í samvinnunámi til að undirbúa sig fyrir *Think and talk*: *Imagine you won a plane ticket. Where would you go? Who would you go with?*

Hver nemandi fær eitt spil. Með spil í annarri hendinni og hina höndina upprétta fara nemendur um bekkinn og leita að félagaga. Þegar þeir finna félagaga gefa þeir hvor öðrum fimmu. Nemandi A spyr spurninganna sem standa á spilinu. Nemandi B svarar. Svo spyr nemandi B sinna spurninga og A svarar. Áður en A og B kveðjast og fara að finna nýjan félagaga skiptast þeir á spilum. Þannig hafa nemendur nýtt spil í hvert skipti sem þeir mæta nýjum félagaga.



English at home

- Lestu *We're going to London* upphátt með öðrum. Taktu eftir því í hvernig skapi stelpurnar eru og reyndu að líkja eftir andrúmsloftinu.
- Endurskrifaðu hluta af textanum (kennari velur hvaða hluta) en skiptu út staðreyndum eins og nöfnum, áfangastað, ferðafélögum og fleiru. Nýju textarnir eru svo lesnir upphátt í bekknum í næstu kennslustund.



Nemendabók bls. 32-33

Up, up in the sky

Leaving on a jet plane, Transport Rhymes

Hlustið á *Up, up in the sky* og nemendur lesa textann upphátt hver fyrir annan, tveir og tveir saman. Minntu þá á að vanda framburð og hljómfall. Hægt er að vinna áfram með verkefni 5 í verkefnabókinni strax á eftir eða bíða þar til búið er að hlusta á lagið *Leaving on a jetplane* og lesa *Transport Rhymes*. Hægt er að nota alla textana þrjá sem kveikju að tungumálaæfingu með áherslu á framburð, rytma og rím.

Nemendur vinna síðan með verkefni 5-6 í verkefnabókinni á bls. 32.

Where are we?

FIRST! What do you think the text is about?

Skoðið myndina og láttu nemendur geta sér til um hvað textinn fjallar um. Ef vill má láta þá vinna meira með *The London Underground* þannig að þeir fái tilfinningu fyrir umfangi lesta-kerfisins og leiti eftir áhugaverðum upplýsingum um það. Leitið hugmynda á vefsvæðinu.

Nemendur vinna svo áfram með verkefni 7 og 8 í verkefnabókinni á bls. 33.

Verkefnabók bls. 32-33

5 What do you see?

Ímyndaðu þér að þú sért að horfa út um flug-vélargluggann. Hvað sérðu?

6 Listen and write

Hlustaðu á lagið og skrifaðu orðin sem vantar á línurnar.

7 Read and write the rhyming word

Lestu frásögn Ameliu. Finndu réttu rímorðin og skrifaðu þau á línurnar.

8 Sort the words

Settu orðin í rétta flokka.

Let's
play

Ljósrit
nr.
3

Let's play – Sort the words

Í þessu verkefni eiga nemendur að flokka orðin í sömu fjóra flokka og í bókinni. Sum orðin þekkja þeir frá verkefni 8, önnur eru ný. Það á að leysa verkefnið innan tímamarka í fjögurra manna hópum.

ENGLISH
AT
HOME

English at home

- Veldu annaðhvort *Up, up in the sky* eða *Transport Rhymes*. Æfðu þig í að lesa ljóðið upphátt.
- Á blaðsíðu 32 í nemendabók má finna hluta úr texta John Denver við lag hans *Leaving on a jet plain*. Finndu lagið á netinu og hlustaðu. Lestu textann og reyndu að fylgja laginu. Endurtaktu þar til þú nærð því.

Nemendabók bls. 34-35

Chitty Chitty Bang Bang

FIRST! Have you ever been to the theatre?

Þessi texti fjallar um hinn fræga söngleik *Chitty Chitty Bang Bang* og m.a. er lögð áhersla á að nemendur vinni með lýsingar. Einnig geta þeir lesið meira um *London Theatres* í *Did you know*-textanum. Nemendur vinna með verkefni 9-11 í verkefnabókinni áður en þeir ræða saman um verkefnið í *Think and talk: Close your eyes ...*

Verkefnabók bls. 34-35

9 Match the English and Icelandic words

Tengdu ensku og íslensku orðin saman.

10 Listen to the instruction and find your lucky number

Hlustaðu á leiðbeiningarnar. Skrifðu tölustafina á rétta staði og finndu happatöluna þína.

Hlustunartextar:

Listen to the instruction and find your lucky number.

1. *What is your age? Write the number in the top circle.*
2. *What is the date today? Write the number in the square.*
3. *How many letters are there in your full name? Write the number in the heart.*
4. *How many children are there in your family? Write the number in the triangle.*
5. *How many boys and girls are there in your class? Write the number in the rectangle.*
6. *Add up all the numbers. Write the sum in the small circles.*
7. *Add up the numbers in the small circles. Write the total inside the star on the wand.*

11 Write sentences and describe one of the cars

Lýstu einum bílnum með eigin orðum.

Let's do

Let's do – Inside Outside Circle©

Helmingur nemenda stillir sér upp í hring og snýr bakinu inn að miðju hringsins. Hinn helmingurinn býr til annan hring utan um þannig að nemendur standi augliti til auglitis hver við

annan. Nemendurnir í ytri hringnum byrja á að segja félagu sínum frá bílnum sem þeir völdu að lýsa í verkefni 11. Síðan segir nemandinn í innri hringnum frá. Þegar tíminn er liðinn færa þeir sem eru í ytri hringnum sig um eitt pláss til hægri.

ENGLISH
AT
HOME

English at home

Hannaðu þinn eigin furðubíl. Teiknaðu mynd og skrifaðu lýsingu með. (Lýstu bílnum með það í huga að sá sem les geti séð hann fyrir sér í huganum án þess að sjá myndina). Skrifðu gjarna líka um hvers vegna þú velur að hafa bílinn þinn útbúinn á þennan hátt.



Nemendabók bls. 36-37

A day in London

FIRST! What can you do in a big city?

Ræðið hvað nemendur tengja við stórborg. Hvað þekkja þeir sjálfir? Hvað finnst þeim gaman að gera? Er einhver ákveðin stórborg sem þeir gætu hugsað sér að heimsækja og hvers vegna? Í nemendabókinni eru nokkrir stuttir textar: *A day in London*, *At the café*, *Did you know ...* og sms-samskipti.

Textarnir fjalla um Ameliu og bróður hennar sem ætla að verja deginum í London með fjölskyldu sinni. Þau tala um hvað þau ætla að gera, þau fara á kaffihús og að lokum skrifa Amelia og Liam heim til foreldra sinna og segja þeim stuttlega frá upplifun sinni. Nemendur geta unnið með textana í litlum hópum. Skrifa má svipaða texta og taka þá upp á eftir eða nota þá sem hlutverkaleik. Einnig er möguleiki á að lesa meira um London í *Did you know*-textanum.

Þegar nemendur hafa unnið með textana og e.t.v. sjálfir kannað hvað vinsælt er að gera í London eru þeir tilbúnir til að svara spurningunni í *Think and talk. What would you choose to see in London.* Hjálpaðu þeim að færa rök fyrir því hvers vegna þeir völdu þetta atriði.

Verkefnabók bls. 36-37

12 Compare the cities

Finndu svörin og skrifaðu þau á línurnar.

13 Read and choose

Lestu textann og settu kross yfir orðin sem passa ekki inn í setningarnar.

14 Let's go sightseeing

Finndu upplýsingarnar í textunum þremur og svaraðu spurningunum.



Let's do – Flashcard Game©

Nemendur velja 12 orð úr glósum kaflans sem þeir vilja vinna áfram með. Þeir skrifa enska orðið öðrum megin á blaðið og íslenska orðið hinum megin. Nemendur vinna saman í pörum og keppa hvor við annan. Þeir safna spilunum í bunka. Nemendi A sýnir nemanda B aðra hliðina á fyrsta spilinu og hann á að segja hvert orðið er á íslensku/ensku. Ef nemandi B svarar rétt má hann/hún halda spilinu. Ef svarið er rangt fer spilið aftur í bunkann hjá nemanda A. Þegar nemandi A er búinn að fara í gegnum sinn bunka og nemandi B hefur unnið öll spilin skipta þeir um hlutverk.

ENGLISH AT HOME

English at home


- Lestu *Did you know*-textann um London aftur. Bættu við 2–3 nýjum staðreyndum. Annað hvort eitthvað sem þú veist nú þegar um London og telur að öðrum gæti þótt áhugavert eða upplýsingar sem þú finnur á netinu.
- Búðu til samtal á kaffihúsi með félagi. Þið eigið að panta bæði mat og drykk. Mundu líka að heilsa og kveðja kurteislega.

Let's do more – Leiðsagnarmat

Nemendur vinna saman í pörum með verkefnið *Do you remember?* Hér geta þeir rifjað upp orðaforða og innihald úr textum kaflans. Það er tilvalið að nota verkefnið sem lið í leiðsagnarmatinu þar sem þú sem kennari getur fylgst með því hvernig nemendur fást við spurningarnar og hvaða aðferðir þeir nota. Gerðu þannig:

Nemendur skiptast á að kasta teningi. Punktarnir sýna hvaða spurningu þeir skulu vinna með. Einn nemandi les spurninguna upphátt og annar svarar.

Tilbrigði: Vinnið verkefnið saman og talið um hvernig hægt er að svara spurningunum sem best.



Wild animals

Í **Wild animals** vinna nemendur í fyrstu áfram með þema úr 3. kafla og fá kynningu á enn einu kennileitinu í London; Whipsnade Zoo sem er u.þ.b. 50 km norður af London.

Þetta er grunnur að fleiri verkefnum sem fjalla um náttúru, dýr í útrýmingarhættu og hættur sem stöðja að, m.a. veiðibjófnad.

Í lok kaflans lesa nemendur *How the Zebra Got His Stripes – a South African Folk Tale*. Einnig gefst möguleiki á að tala um hvar í heiminum er töluð enska. Skoðið landakortið saman svo nemendur átti sig á heimsálfunum og hvað þær heita. Láttu nemendur velta fyrir sér hvers vegna það er mikilvægt að læra ensku. Hafa þeir sjálfir verið í aðstæðum þar sem þeir þurftu að nota ensku? Hvað finnst þeim mikilvægast að geta sagt á ensku? Sumir nemendur þekkja til annarra tungumála en ensku. Spurðu um það og talið um hvaða önnur tungumál eru töluð í öðrum löndum.

Orð og setningagerðir kaflans

- penguin, snake, elk, bear, fur, world, country, travel, dangerous, leaves
- What is the same?
- What is different?

Málfræðileg áhersla

- Notkun eignarfornafna

Verkefnabók bls. 40-41

Námsmarkmið

Soon

- I can understand facts about animals and the places they live.
- I can express my opinion about animals and write poems.
- I can ask questions about animals in danger.
- I can use words that tell us who owns different things.

My poem – your poem

Í þessum kafla vinna nemendur með eignarfornöfn og æfa sig í að segja frá því hver á hvað. Þeir hafa áður unnið með setningagerðina *This is my ...* og geta talað um það sem þeir eiga sjálfir. Byrjaðu á að láta nemendur ná í hluti úr skólatöskunni sinni eða pennaveskinu og fá þá til að segja hvað þeir eru með, annaðhvort í pörum eða í litlum hópum. Gakktu um bekkinn og sýndu nokkra af hlutunum. Segðu t.d.: *This is her book. This is his pencil.* Talaðu um hvað setningarnar þýða og skoðið þar á eftir dæmin á bls. 40 í verkefnabókinni. Þegar þið hafið lesið setningarnar saman eru nemendur tilbúnir að vinna áfram með verkefni A-C á bls. 41.

A Who owns the poem?

Lestu setningarnar og strikaðu undir orðin sem sýna hver á ljóðið.

B Read and underline the pronouns

Lestu og strikaðu undir fornöfnin.

C Use the pronouns

Settu inn orðin sem vantar í textann.



Drill

Vinnið með verkefni á vefsvæðinu.

Nemendabók bls. 40-41

Kveikjumyndin

Byrjaðu alltaf á því að vinna með kveikjumyndina og notaðu hana til að koma af stað samtali á ensku.

- Tell me, what can you see in this picture?
- Which animals do you know?
- Where do these animals live?
- Which animal is your favourite?
- How many of you like the lion best?

Nemendur þekkja mörg áhersluorðanna og geta gefið dæmi um hvernig hægt er að nota þau.

- *I really don't like snakes.*
- *Bears live in Canada.*
- *I would like to travel to many different countries.*

Ný orð og setningagerðir

Hlustið á æfingaorðin og láttu nemendur vinna með þau. Þeir geta endurtekið orðin eða notað þau í setningar sem þeir búa sjálfir til:

- **Penguin.** *Have you ever seen a baby penguin on its dad's feet? It's so cute.*
- **Dangerous.** *The lion is beautiful but dangerous.*

Notið setningagerðirnar og nemendur svara á sinn hátt:

- *Look at the bear and the elk. What is the same? What is different? ... You're right. They are both big and brown. What is different then? The bear eats meat and the elk eats grass. Excellent!*

Hlustið og skoðið kveikjmyndina

Skoðið kveikjmyndina saman og spilið hlustunartextana. Nemendur benda á persónur og athafnir og búa til setningar um myndina þegar búið er að hlusta á alla textana.

Verkefnabók bls. 42

1 Listen and mark

Hlustaðu og skrifaðu rétta tölustafi í kassana.

2 Read and match

Lestu og tengdu með strikum þannig að setningarnar verði réttar.

Nemendabók bls. 42

Whipsnade zoo

FIRST! What is the best thing about going to the zoo?

Ræðið í upphafi hvaða reynslu nemendur hafa af dýragörðum. Hvað finnst þeim skemmtilegt að gera? Kaupa þeir eitthvað? Fá þeir sér að borða? Hvaða dýr halda þeir sérstaklega upp á? Hlustið síðan á samtal Ameliu og fjölskyldu hennar við dýrahirðinn. Búið gjarna til sambærileg samtöl í kjölfarið svo nemendur fái tækifæri til að segja frá því hvaða dýr er í mestu uppáhaldi hjá þeim og hvers vegna. Látið nemendur spyrja eins marga bekkjarfélaga og hægt er spurningarinnar: What are your favourite animals? í Think and talk at the zoo.

Haldið síðan áfram með verkefni 3-4 í verkefnabókinni á bls. 43.



Hlustunartextar fyrir kveikjmyndina

1. *I am black and white. I eat grass and leaves. I live in Africa. I am stripy. Who am I? Write 1.*
2. *I live in Australia. My fur is brown, and I have long, strong legs. I also have a long tail. My baby is called a joey. I can jump over eight metres. Who am I? Write 2.*
3. *Look at all my lovely colours! I am a big, beautiful parrot, and I live in South America. What colours are my feathers? Write 3.*
4. *I am big, and my fur is brown. I eat berries, grass, meat and fish. My tail is very short. Who am I? Where do I live? Write 4.*
5. *I live in South America. I am very long, and I am green. I have no legs. I don't move very fast on land, but I am a very good swimmer. I eat other animals like fish, wild pigs and jaguars. I hunt at night and sleep during the day. Who am I? Write 5.*
6. *We are black and white. We walk around on two legs, and we love to play in the snow! We are birds, but we can't fly. Who are we? Write 6.*

Verkefnabók bls. 43

3 Sort and write the words

Lestu orðin og skrifaðu þau í rétta flokka.

4 Listen and write down facts about the animals

Hlustaðu á *Whipsnade Zoo* og skrifaðu upplýsingar um dýrin.



Let's do – Flashcard Game©

Dreifðu ljósritinu með orðunum úr verkefni 3. Nemendur klippa spilin út og setja þau í bunka. Þeir vinna tveir og tveir saman. Nemandi A dregur spil og biður nemandi B að búa til setningu með orðinu. Ef orðið er notað á réttan hátt í setningunni heldur nemandi B spilin. Ef svarið er rangt fer spilið aftur í bunkann. Haldið áfram þar til nemandi B hefur unnið öll spilin. Síðan er skipt um hlutverk.

Nemendabók bls. 43

Junior Keeper for a day

Hér segir frá Juliu, 12 ára, sem fékk tækifæri til þess að vera *Junior keeper for a day* í *Whipsnade Zoo*. Hún segir frá upplifun sinni, með hverjum hún vann, hvað hún gerði og hvaða dýrum hún bar ábyrgð á. Í innganginum er því lýst hvað fellst í því að vera Junior keeper og hvað það kostar.

Vinnið síðan með verkefni 5-6 í verkefnabókinni á bls. 44.

Verkefnabók bls. 44

5 True or false?

Lestu *Junior Keeper for a day* í nemendabókinni á bls. 43. Skrifaðu T eða F við fullyrðingarnar. Endurskrifaðu röngu setningarnar þannig að þær verði sannar.

6 Which animals would you work with at the zoo?

Skrifaðu hvaða dýr þú gætir hugsað þér að vinna með í dýragarði. Útskýrðu hvers vegna.



English at home

- Veldu þér dýr. Skrifaðu 5 staðreyndarsetningar um dýrið án þess að nefna það á nafn. Lestu setningarnar fyrir einhvern á heimilinu (eða hringdu í ættingja eða vin). Viðkomandi á að reyna að geta uppá því hvert dýrið er. Gefðu stig eftir því hversu margar setningar þurfti til áður en giskað var rétt. 5 stig ef svarið kom eftir fyrstu vísbendingu o.s.frv.
- Finndu öll orð sem tengjast dýrum í *Junior Keeper for a day*.
- Búðu til eigin setningar með orðunum. Þær geta verið um þína eigin upplifun eða úr textanum.

Nemendabók bls. 44

Animals in danger

FIRST! What do you think the text is about?

Ræðið í upphafi orðið danger og berið saman við dangerous sem kemur fyrir á kveikjumyndinni. Skoðið síðan myndirnar af dýrunum þremur og látið nemendur geta sér til um hvort þessi dýr séu í útrýmingarhættu. Hlustið á textana þrjá og e.t.v. lesa nemendur þá upphátt tveir og tveir saman áður en þeir leysa verkefni 7 í verkefnabókinni.

Verkefnabók bls. 45

7 Write the correct sentences

Raðaðu orðunum í rétta röð og skrifaðu setningarnar.



Let's play – Guess the animals

Hver nemandi fær eitt spil. Í þessari útgáfu eiga nemendur, út frá fjórum staðreyndum um hvert dýr, að giska á hvaða dýr er átt við.

Með spil í annarri hendinni og hina upprétta fara nemendur um bekkinn og leita að félag. Þegar þeir finna félag gefa þeir hvor öðrum fimmu. Nemandi A spyr spurninganna sem standa á spilinu. Nemandi B svarar. Svo spyr nemandi B sinna spurninga og A svarar. Áður en A og B kveðjast og fara að finna nýjan félag skiptast þeir á spilum. Þannig hafa nemendur nýtt spil í hvert skipti sem þeir mæta nýjum félag.

Nemendabók bls. 45

Save the animals

Nemendur lesa texta um World Wildlife Fund og kynnast *The Giant Panda* lógóinu nánar í *Did you know*-textanum. Sumir nemendur munu strax þekkja lógóið. Tilgangurinn er að gera nemendur meðvitaða um hvernig alþjóðlegar stofnanir geta haft áhrif. Þegar nemendur hafa hlustað á *How can you help?* er hægt að fylgja textavinnunni eftir með umræðum um spurninguna í *Think and talk – How would you help the animals?*

Verkefnabók bls. 46

8 Ask and answer

Settu spurnarorðin í setningarnar. Svaraðu tveimur síðustu spurningunum.

9 Write poems about your favourite animals

Skrifaðu ljóð um uppáhaldsdýrið þitt. Gerðu eins og sýnt er í dæminu.



English at home

- Veldu einn af textunum neðst á bls. 44 í nemendabókinni og æfðu þig í að endursegja hann. Ef þú vilt getur þú líka valið að endursegja hluta af öllum textunum þremur.
- Skrifaðu tölvupóst á ensku til vinar, ættingja eða kennara. Segðu frá því hvernig hægt er að hjálpa dýrum í útrýmingarhættu. Notaðu orðin í textanum *How can you help?* Á bls 45 í nemendabókinni til stuðnings.

Nemendabók bls. 46-47

Do you know the rainforest?

FIRST! Do you know another word for rainforest?

Margir nemendur þekkja bæði orðið *rainforest* og *jungle* og margir hafa lesið um þau í öðru fræðilegu samhengi. Umfjöllunin er einföld með útgangspunkt í náttúrulýsingum. Skoðið kort þannig að nemendur viti hvar regnskógarnir eru. Ef vill geta nemendur unnið verkefni 10 í verkefnabókinni áður en þeir lesa meira í textanum. Verkefni 10 er hlustunaræfing þar sem nemendur hlusta á lýsingu og setja orð í textann sem vantar.

Í *Ask an expert* á bls. 47 lesa nemendur útdrátt úr tveimur ólíkum samtölum sem bæði fjalla um tiltekin dýr í regnskógi. Markmiðið með textunum er að miðla faglegri vitneskju um dýr um leið og nemendur rifja upp aðferðir við að spyrja spurninga.

Think and talk: *What do you know about bears and gorillas?* Þegar nemendur hafa hlustað á og lesið textana tvo um birni og gófillur geta þeir tekið saman nýfengna þekkingu. Láttu þá fyrst æfa sig í að endursegja tvo og tvo saman. Síðan geta nemendur farið um í bekknum og spurt hver annan spurninga en líka er hægt að fara í gegnum aðalatriði textans í sameiningu.

Verkefnabók bls. 47-48

10 Listen and write

Hlustaðu og skrifaðu orðin sem vantar í eyðurnar.

Hlustunartextar:

*I'll talk about Tongass National Forest in **Alaska**. It is close to our **house**. I go **hiking** there with my sister and **her** friends. As well as trees, **plants** and animals, you find glaciers, fjords and islands. It is a temperate **climate**. It is less warm than a **tropical** rainforest – but there is still a lot of **rain**.*

11 Answer the questions and share your answers

Lestu spurningarnar og skrifaðu svörin á línurnar. Segðu vini þínum hvernig þú svaraðir.

Let's do

Let's do – Inside Outside Circle©

Helmingur nemenda býr til hring og snýr bakinu inn að miðju hringins. Hinn helmingurinn býr til annan hring utan um þannig að nemendur standi augliti til auglitis hver við annan. Nemendurnir í ytri hringnum byrja á að segja félagu sínum frá svæðinu sem þeir völdu að lýsa í verkefni 11. Síðan segir nemandinn í innri hringnum frá. Þegar tíminn er liðinn færa þeir sem eru í ytri hringnum sig um eitt pláss til hægri.

12 Fill in the correct questions

Skrifaðu spurningar sem passa við svörin. Veldu efni sem þú þekkir vel og fylltu út eigið hugarkort. Gerðu eins og sýnt er í dæminu.

ENGLISH
AT
HOME

English at home

- Lestu annan textann í *Ask an expert* upphátt með öðrum. Skiptist á þannig að þú fáið bæði æfingu í að spyrja og svara.
- Finndu allar spurningarnar í textanum *Ask an expert* og skrifaðu þær. Umorðaðu ef þarf til að samhengið skiljist þegar þær standa sem stakar setningar. Svaraðu með eingöngu Yes eða no ef hægt er. Dæmi: Do gorillas live in families? Yes.

Nemendabók bls. 48-49

Friend or enemy?

FIRST! Why do you think animals have enemies?

Nemendur ættu að ráða við að svara upphafsspurningunni hér þar sem þeir hafa þegar lesið um dýr í útrýmingarhættu fyrr í kaflanum. Farið í gegnum glósurarnar áður en þið hlustið saman á textann. Sumum nemendum á eftir að finnaast textinn langur og erfiður og það getur verið hagkvæmt að skipta honum upp í smærri hluta. Staldráðu við eftir hvern kafla og láttu nemendur lesa spurningar og svör upphátt. Þeir vinna áfram með textann á eftir og undirbúa sig undir *Think and talk – Use your own words and explain to a friend what Kids AAP is*. Þegar þeir eru búnir er hægt að vinna verkefni 13 í verkefnabókinni á bls. 49.

Welcome to Chipangali

Áður en nemendur lesa textann getur verið góð hugmynd að ræða um myndina og lesa textann í rauða rammanum. Þá hafa nemendur góða hugmynd um hvað textinn fjallar og með stuðning frá glósunum geta þeir unnið með textann í pörum eða litlum hópum. Gefið ykkur tíma svo nemendur geti fundið út hvar Zimbabwe er og geti e.t.v. fengið tilfinningu fyrir *Chipangali Wildlife Orphanage* í gegnum texta, myndir eða myndbönd á netinu.



Verkefnabók bls. 49

13 Make your own statement

Lestu orðin og búðu til eigið slagorð. Skoðaðu dæmið frá Kids APP.

14 Make correct sentences

Lestu og tengdu með strikum þannig að setningarnar verði réttar.



Let's do – Quiz-Quiz-Trade©

Í þessu verkefni vinna nemendur með orðaforða kaflans og rifja um leið upp hvað textarnir í kaflanum fjölloudu um.

Hver nemandi fær eitt spil. Með spil í annarri hendinni og hina upprétta fara nemendur um bekkinn og leita að félag. Þegar þeir finna félagann gefa þeir hvor öðrum fimmu. Nemandi A spyr spurninganna sem standa á spilinu. Nemandi B svarar. Svo spyr nemandi B sinna spurninga og A svarar. Áður en A og B kveðjast og fara að finna nýjan féлага skiptast þeir á spilum. Þannig hafa nemendur nýtt spil í hvert skipti sem þeir mæta nýjum félag.



English at home

Opnaðu leitarsíðu á internetinu og skrifaðu Endangered animals í leitar-gluggann. Taktu þér að lágmarki 15 mínútur til að skoða niðurstöðurnar og fræðast um dýr sem eru í útrýmingarhættu. Veldu 2 af dýrunum. Teiknaðu eða afritaðu mynd af dýrunum sem þú valdir og skrifaðu 3 setningar við hvora mynd.

Nemendabók bls. 50-51

How the Zebra Got His Stripes

FIRST! How do you think the zebra got his stripes?

Textinn byggir á suður-afrískri þjóðsögu um það hvernig sebrahesturinn fékk rendurnar. Talið um að alla tíð hafi manneskjur haft þörf fyrir að skilja af hverju náttúran er eins og hún er og að þær hafi því skáldað upp mismunandi skýringar. Þjóðsögur eins og þessi bárust frá kynslóð til kynslóðar áður en þær voru skrifaðar niður og því eru til margar útgáfur. Talaðu við nemendur um titil sögunnar og láttu þá skoða teikningarnar. Hvaða dýr ætli séu í sögunni? Farið í gegnum glósurar áður en þið hlustið og lesið. Það er góð hugmynd að skipta textanum í minni hluta og láta nemendur lesa í hópum. Síðan leysa þeir verkefni á vefsvæðinu.

Ef tími er til geta nemendur unnið frekar með afrísk dýr og búið til stuttar lýsingar. Það verður að vera skýrt hvað lýsingin á að fela í sér, t.d. fyrirsögn, myndskreytingu, upplýsingar um stærð, lit og fæðu.

Let's do more – Leiðsagnarmat

Nemendur vinna saman í pörum með verkefnið *Do you remember?* Hér geta þeir rifjað upp orðaforða og innihald úr textum kaflans. Það er tilvalið að nota verkefnið sem lið í leiðsagnarmatinu þar sem þú sem kennari getur fylgst með því hvernig nemendur fást við spurningarnar og hvaða aðferðir þeir nota. Gerðu þannig: Nemendur skiptast á að kasta teningi. Punktarnir sýna hvaða spurningu þeir skulu vinna með. Einn nemandi les spurninguna upphátt og annar svarar.

Tilbrigði: Vinnið verkefnið saman og talið um hvernig hægt er að svara spurningunum sem best.



My passion

Í kaflanum **My passion** er fjallað um önnur áhugamál en íþróttir. Nemendur heyra önnur börn segja frá í hverju þau eru góð og hvað þeim finnst gaman að gera. Þar að auki er útdráttur úr sögu Roalds Dahl, *The Magic Finger*, og nemendur lesa um *The Roald Dahl Museum and Story Center*. Í fyrsta textanum er einmitt minnst á *The Magic Finger* þegar Amelia, Jack og Isabella segja frá skólaverkefni sem m.a. gengur út á að þau eiga að búa til eigin útgáfu af sögunni.

Orð og setningagerðir kafans

- *practise, drums, famous, poem, audience, painting, play, excursion, museum, costume*
- *What can you do?*
- *I can't ...*
- *I can ...*

Málfræðileg áhersla þýða

- *Samsett nútíð*

Verkefnabók bls. 52-53

Námsmarkmið

Soon

- *I can do a class survey and tell others about it.*
- *I can inform others about a famous museum.*
- *I can write and talk about my passion.*
- *I can use the correct form of the verb (ing-form).*

Sagnorð

Am, is or are playing?

Í þessum kafla vinna nemendur með *ing*-endingu sagnorða og einbeita sér því að læra það form sagnarinnar sem gefur til kynna að eitthvað sé að gerast núna. Á þessu stigi eiga nemendur að geta beitt nokkrum mikilvægum setningagerðum án þess nauðsynlega að hafa dýpri innsýn í málfræðilegt samhengi. Í þessu samhengi er mikilvægt að kynna nemendum dæmi sem útskýra málfræðina þannig að þeir geti notað samsetta nútíð í svipuðu samhengi.

Nemendur vinna með samsetta nútíð sem tjáir að athöfn eða verknaður sé byrjaður og í gangi. Formið er myndað með hjálparsögninni *to be* og *ing*-endingu af aðalsögninni, t.d.: *I am writing*. Sumir nemendur nota *ing* endingu aðeins í talmáli og sleppa þar með hjálparsögninni. Áður hefur verið unnið með setningar eins og *I'm good at swimming* eða *I like dancing* en til að tjá athöfn sem stendur yfir þurfa bæði sagnorðin að vera til staðar.

Vekið athygli nemenda á mismuninum á *I am writing a poem* og *I write poems*. Fyrri dæmið tjáir athöfn sem stendur yfir en seinna dæmið segir frá einhverju sem endurtekur sig. Nemendur skoða myndirnar og lesa setningarnar á bls. 52 í verkefnabókinni. Hvað er ólíkt með setningunum? Nemendur taka eftir að form hjálparsagnarinnar veltur á fornöfnunum. Þar sem þeir hafa áður unnið með sögnina *to be* er þetta eðlilegt framhald af fyrri námsefni. Þegar búið er að lesa setningarnar í sameiningu eru nemendur tilbúnir til að vinna frekar með verkefni A-C á bls. 53.

A Think and write

Skrifaðu rétt orð á línurnar.

B Write the correct words

Settu inn í textann þau sagnorð sem vantar.

C Circle the correct form

Lestu setningarnar og dragðu hring um rétta mynd sagnorðsins.



Drill

Vinnið með verkefnin á vefsvæðinu.

Nemendabók bls. 54-55

Kveikjmyndin

Byrjaðu alltaf á því að vinna með kveikjmyndina og notaðu hana sem upphaf að samtali á ensku.

- Tell me, what can you see in this picture?
- What are the children doing?
- What do you think this chapter is about?
- Do you know the word "passion"?


Nemendur þekkja mörg áhersluorðanna og geta gefið dæmi um hvernig hægt er að nota þau.

- I know you play the piano. How often do you practise?
- Do you know any famous writers?
- Have you ever been on an excursion with your class?
- What can you do in museums?

Ný orð og setningagerðir

Hlustið á æfingaorðin og láttu nemendur vinna með þau. Þeir geta endurtekið orðin eða notað þau í setningar sem þeir búa sjálfir til:

- **Practise.** I practise every Monday.
- **Poem.** I like writing poems, but it's difficult sometimes.



- Notið setningagerðirnar og nemendur svara á sinn hátt:
- *What can you do in a play? Yes, that's right. You can sing and dance. And you can make costumes.*
- *What can you do at a museum?*
- *I can write, but I can't sing!*

Hlustið og skoðið kveikjmyndina

Skoðið kveikjmyndina saman og spilið hlustunartextana. Nemendur benda á persónur og athafnir og búa til setningar um myndina þegar búið er að hlusta á alla textana.

Hljóðskrár fyrir kveikjmyndina

1. *Wow, they have really made this finger work. I hope the audience will understand. Write 1.*
2. *This part of the music is so difficult, and I have only played the cello for 3 months, I hope it sounds alright. Write 2.*
3. *I love dancing. I practise every day. I am so happy they all let me dance at the show. Write 3.*
4. *I wonder how the wings look on me, and if the audience will understand the story? Write 4.*
5. *I just love reading, and Roald Dahl is my favourite writer. I want to be a writer one day, and hopefully someone will make my story into a play. Write 5.*
6. *I just love when there is magic in stories like flying cars and magic fingers. Write 6.*

Verkefnabók bls. 54

1 Listen and mark

Hlustaðu og skrifaðu rétta tölustafi í kassana.

2 Count and write

Lestu spurningarnar. Skoðaðu myndina og teldu. Skrifaðu rétta tölu. Búðu til eigin spurningar.

Nemendabók bls. 56-57

What are you good at?

FIRST! What are you good at? Name three things.

Spurðu nemendur í hverju þeir séu góðir. Leyfðu þeim að svara að eigin vild en reyndu gjarna að beina þeim að öðru en íþróttum. Í textanum er áhersla á hluti eins og *writing, listening to stories, drawing, acting, singing, playing the drums*. Markmiðið er að fá nemendur til að hugsa um að við erum öll góð í einhverju og það eru ekki til neinar reglur yfir hvað er best að geta eða kunna. Hlustið saman á textann og síðan lesa nemendur hann upphátt í þriggja manna hópum. Þeir eiga að æfa sig á öllum þremur hlutverkunum og taka upplesturinn upp þegar þeir eru orðnir ánægðir með hann.

Vinnið síðan með verkefni 3-4 í verkefnabókinni á bls. 55.

Welcome to the museum

Áður en textinn er lesinn getur verið góð hugmynd að sýna nemendum nokkrar af bókum Roalds Dahl sem örugglega eru til í skólanum. Spurðu hvort nemendur þekki hann og hvað þeim finnst um bækurnar hans. Hlustið síðan á textann og nemendur fylgjast með í bókinni.

Textinn fjallar um þrjá ólíka hluti: kynningu á safninu og staðsetningu þess, innsýn í verk Roalds Dahl og sérkenni barnabóka hans og upptalningu á hvað safnið hefur upp á að bjóða. Eftir að textinn hefur verið lesinn og ný orð skoðuð má vinna með verkefni 5-6 í verkefnabókinni á bls. 56.

Verkefnið reynir á lesskilning og krefst þess að textinn sé lesinn ítarlega til að finna orðin og upplýsingarnar sem vantar.

Í verkefni 6 skrifa nemendur um hvað þeir gætu hugsað sé að gera á safninu og deila svörum sínum með bekknum í *Think and talk: What do you know about the Roald Dahl Museum?* Endað er á því að lesa ritdóm um aðra bók eftir Roald Dahl, *George's Marvellous Medicine*. Í textanum er útdráttur úr bókinni og nemendur eiga síðan að setja réttu svörin inn í samtalið í verkefni 7 í verkefnabókinni á bls. 57.

Verkefnabók bls. 55-57

3 Who says what

Hlustaðu á *What are you good at?* Hver segir hvað?

4 A class survey

Veldu fjóra hluti og skrifaðu á línurnar. Finndu út hversu margir í bekknum þínum hafa áhuga á þessum hlutum. Spurðu: *Are you good at ...?* Gerðu talningarstrik.

Let's do

Let's do – Find someone who©

Nemendur fara um stofuna með bókina í höndunum og eiga að finna bekkjarfélaga sem hafa fengið sömu niðurstöðu og þeir í könnuninni. Sjáðu til þess að allir nemendur skilji leiðbeiningarnar og markmið verkefnisins. Gerið þannig:

- *Hello Mathilde.*
- *Hello Daniel.*
- *Do you also know three classmates who like writing?*
- *Yes, I do. / No, I only know two.*
- *Thank you. Goodbye.*

5 Find information

Lestu setningarnar. Finndu svörin í nemendabókinni á bls. 57 og skrifaðu þau á línurnar.

6 What would you do at the museum?

Skrifaðu hvað þú myndir vilja gera á safninu.

7 Read and write the missing answers

Lestu textann og skrifaðu svörin.

Let's play

Ljósrit nr. 7

Let's play – Make your own dialogue

Hér eiga nemendur að skrifa eigið samtal með því að fylla ljósritið út með orðum og setningum sem þeir finna sjálfir.

ENGLISH AT HOME

English at home

- Farðu inn á síðu Roalds Dahl á netinu, roalddahl.com, smelltu á Roald Dahl á valstikunni og því næst á Characters. Þar sérðu yfirlit yfir persónur úr bókum Roalds. Veldu þér einn flokk (Children, grown-ups, bests eða magical folks) og skimaðu yfir persónurnar. Kannast þú við einhverjar af þeim? Lestu þér til um þær sem þér finnst áhugaverðar. (athugaðu að þú þarft ekki að skilja hvert orð en reyndu að skilja samhengið).
- Veldu eina af persónum Roald Dahl sem þú myndir vilja hitta. Segðu frá henni í stuttu máli og skrifaðu um hvers vegna.

Nemendabók bls. 58-59

The magic finger

FIRST! Look at the pictures. What do you think the story is about?

Ræðið um myndskreytingarnar. Hverjir eru á myndinni? Hvar eru söguhetjurnar staddar? Hvað er ólíkt með þeim? Lesið talblöðruna hjá Ameliu og gættu þess að allir nemendurnir hafi skilið það sem hún segir.

Lítið yfir áhersluorðin. Hvaða orð þekkja nemendur nú þegar? Hlustið síðan á textann og nemendur fylgjast með í bókinni. Áður en þeir leysa verkefni 8-10 í verkefnabókinni á bls. 58 má vinna með orðaforða textans. Láttu nemendur segja hvað textinn fjallar um og finna lýsingarorð sem lýsa annars vegar frá Winter og hins vegar aðalpersónunni. Svarið spurningunni í *Think and talk – Do you have a favourite story?*

Vinnið síðan með verkefnin í verkefnabókinni á bls. 58.

Ljúkið með því að lesa stutta *Did you know*-textann um Roald Dahl þar sem nemendur sjá orðið *Boarding school*. Segðu stuttlega frá heimavistarskólum og leyfðu nemendum að tjá skoðanir sínar á þeim.

Verkefnabók bls. 58

Í fyrstu umferð eiga nemendur að raða setningunum í rétta röð svo þær passi við textann. Síðan halda þeir áfram að vinna með lýsingarorð og draga hring um rétta lýsingarorðið í stuttum texta. Að lokum para þeir saman nokkur hugtök sem öll lýsa viðbrögðum við reiði. Ræðið hvað þeir gera sjálfir þegar þeir verða reiðir.

8 Make it right

Skrifaðu tölustafi í kassana þannig að setningarnar séu í réttri röð.

9 Read and circle the correct word

Lestu textann og dragðu hring um rétta orðin.

10 Match the words

Lestu orðin. Finndu út hvaða orð vantar og skrifaðu þau í tómu kassana.



Let's do – Mix-N-Match©

Í þessu verkefni er lögð áhersla á orðaforðann sem nemendur unnu með í *The Magic Finger*.

Allir nemendur fá spil með íslensku eða ensku orði. Með spilið í hendinni fara nemendur um bekkinn og skiptast á spili við þá sem þeir hitta.

Þegar kennarinn segir „Match“ leita nemendurnir að bekkjarfélaga sem hefur spil sem passar við þeirra. Þegar þeir hafa fundið hvor annan stíga þeir til hliðar til að gera nemendum sem enn leita að sínum félaga auðveldara fyrir. Þegar allir hafa fundið sitt „match“ og sannreynt spilin segir kennarinn „Mix“ og leikurinn byrjar upp á nýtt.

Nemendabók bls. 60-61

Artist with a passion

FIRST! Watch the video

Farið á vefsvæðið, og finnið kennslumyndband í teikningu. Horfið á myndbandið og nemendur reyna að fylgja fyrirmælunum. Hlustið á kynninguna um Amanda og nemendur fylgjast með í bókinni. Vinnið með verkefni 11-12 í

verkefnabókinni á bls. 59. Verkefni 11 er svolítið tímafrekt því nemendur eiga bæði að finna svör í textanum og leiðrétta röngu setningarnar. Í verkefni 12 geta sumir nemendur skrifað eitt orð á meðan hægt er að krefjast þess af öðrum nemendum að þeir skrifi fleiri orð og/ eða setningar.

This is me

Þessi texti fylgir eftir fyrri umfjöllun um áhugamál. Nemendur hlusta á fjögur börn sem öll hafa mikla ástríðu fyrir sínu áhugamáli. Vinna má með textann bæði sem lestrar- og hlustunarverkefni eftir því hvað hentar hverjum og einum.

Þeir sem vinna með hlustun leysa um leið verkefni 13 í verkefnabókinni á bls. 60 og fylla út rammana fjóra. Nemendur geta unnið saman í pörum og hlustað eftir svörum. Þeir geta hlustað oftár á hvern kafla. Þeir sem vinna með lestur styðja sig samt við hljóðefnið. Orðaforðinn er orðinn kunnuglegur og því ættu flestir að geta skrifað orð og setningar beint í verkefnabókina.

Þegar búinn er að leysa verkefni 13 er hægt að fara í spurninguna í *Think and talk: Do you know anyone with a special talent or passion?*

Verkefnabók bls. 59-60

11 True or false?

Endurskrifaðu röngu setningarnar svo þær verði réttar. Lestu þær upphátt fyrir félagi.

12 Write three words that describe Amanda

Skrifaðu þrjú orð sem lýsa Amanda.

13 Listen and write down facts about the activities

Hlustaðu á *This is me* og skrifaðu niður eins mikið af upplýsingum og þú getur um það sem krakkarnir gera.

14 Write about your passion

Skrifaðu um eitthvað sem þér finnst mjög skemmtilegt. Notaðu eins mörg orð og hugtök og þú getur.

Í þessu verkefni skrifa nemendur stuttan, sjálfstæðan texta en í honum skulu þó vera ákveðir þættir. Farið saman í gegnum bláu orðin og

hugtökin og útskýrðu fyrir nemendum að þeir skuli sjálfir velja hversu mörg orð þeir vilji nota. Segðu þeim hversu mikilvægt það er að nota fjölbreyttan orðaforða og málfar.



Let's do – Flashcard Game©

Dreifðu ljósritinu. Nemendur velja 12 orð úr glósum kaflans sem þeir vilja vinna áfram með. Þeir skrifa enska orðið öðrum megin á blaðið og íslenska orðið hinum megin. Nemendur vinna saman í pörum og keppa hvor við annan. Þeir safna spilunum í bunka. Nemendi A sýnir nemanda B aðra hliðina á fyrsta spilinu og hann á að segja hvert orðið er á íslensku/ensku. Ef nemandi B svarar rétt má hann/hún halda spilinu. Ef svarið er rangt fer spilið aftur í bunkann hjá nemanda A. Þegar nemandi A er búinn að fara í gegnum sinn bunka og nemandi B hefur unnið öll spilin skipta þeir um hlutverk.



English at home

- Notaðu setningagerðirnar *I can ...* og *I can't ...* og berðu þig saman við krakkana í *This is me*. Þú getur t.d. sagt: *Oliver can dance. I can dance, too. Simon can draw and he would like to be an artist. I can't draw, but I would like to learn it.*
- Veldu einn af textunum sem þú ert búinn að lesa í þessum kafla. Hringdu í vin eða ættingja og segðu frá textanum. Þú getur annað hvort sagt frá á ensku eða þýtt og sagt frá í grófum dráttum á íslensku.

Nemendabók bls. 62-63

Let's read poems

FIRST! What is a poem?

Talið um hvað ljóð er. Hvað finnst nemendum um þá listgrein? Farið stuttlega yfir glósurarnar í sameiningu.

Read to Me

Books

Nemendur vinna hver fyrir sig eða í pörum með ljóðin. Gefðu þér tíma til að hlusta á þau, lesa með þeim, lesa upphátt og æfa framburð. Vektu athygli á því að ljóðin ríma. Meta skal hvort nemendur geti skrifað rímorðin niður strax í verkefni 15 í verkefnabókinni á bls. 61. Úthlutaðu hverjum nemanda einni línu eða hluta af ljóðunum tveimur og lesið þau upphátt fyrir bekkinn. Bentu nemendum á að vanda sig við framburðinn og taka vel eftir rímorðunum. Hjálpaðu þeim með orð sem eru erfið í framburði. Síðan vinna þeir verkefni 16 í verkefnabókinni. Farið fyrst yfir fyrirmælin saman.

Í *Did you know*-textanum er áhersla á fanta-síugeirann og nemendur fá stutta kynningu á Harry Potter-bókunum. Ræðið þessa bókmenntagrein, persónurnar og um það hvað nemendum finnst gaman að lesa.

Find your passion

Þessum kafla lýkur með spurningaleik. Nemendur lesa setningarnar og finna út hvaða svar á best við þá. Þegar þeir eru búnir að svara öllum spurningunum geta þeir fundið út hvort áhugasvið þeirra sveigist í áttina að íþróttum, myndlist, tónlist eða dansi. Síðan deila þeir niðurstöðunum með einum eða fleiri bekkjarfélögum. Það gera þeir með *Think and talk: Use your five sentences to tell your partner about your passion.*

Verkefnabók bls. 61

15 Find and write the rhyming words

Finndu orð sem ríma saman í ljóðunum á bls. 62 og 63 í nemendabókinni og skrifaðu þau niður.

16 Write poems

Skrifaðu tvö ljóð. Skoðuðu dæmið og notaðu sama form.

**ENGLISH
AT
HOME**

English at home

Skrifaðu ljóð á sama hátt og *Read to Me* eða *Books*. Þú átt að nota sama form og t.d. byrja allar setningar með *Read to me ...* eða *I like books – I really do.* Reyndu að finna rímorð fyrir ljóðið þitt. Æfðu þig á að lesa það upphátt fyrir annan.

Let's do more – Leiðsagnarmat

Nemendur vinna saman í pörum með verkefnið *Do you remember?* Hér geta þeir endurtekið orðaforða og innihald úr textum kaflans. Það er tilvalið að nota verkefnið sem lið í leiðsagnarmatinu þar sem þú sem kennari getur fylgst með því hvernig nemendur fást við spurningarnar og hvaða aðferðir þeir nota.

Gerðu þannig:

Nemendur skiptast á að kasta teningi. Punktarnir sýna hvaða spurningu þeir skulu vinna með. Einn nemandi les spurninguna upphátt og annar nemandi svarar.

Tilbrigði: Vinnið verkefnið saman og talið um hvernig hægt er að svara spurningunum sem best.



Collectors


6. kafli fjallar um landkönnuði og um að safna hlutum – bæði nýjum og gömlum. Markmið kafans er að fara með nemendur aftur í tímann og gefa þeim svolitla innsýn í nokkra tímamóta-atburði, þ.á m. flug Amelíu Earhart yfir Athants-hafið árið 1932 og fyrsta skref Neils Armstrong á tunglinu 1969. Nemendur fá örlitla kynningu á sögu flugvélna og aftast í kaflanum má lesa um þrjá unga safnara. Að lokum er fjallað um hvers vegna fólk safnar hlutum og hvað maður ætlar að gera við safnið sitt. Kaflinn inniheldur mörg ný orð sem nemendur sjá þegar þeir lesa um mikilvægustu áhöld landkönnuðanna. Taktu því góðan tíma í vinnu með kveikjmyndina þar sem orðin koma fyrir. Nemendur kannast líklega við landkönnuði frá umfjöllunum í öðrum námsgreinum og tilvalið er að nýta þá þekkingu til umræðna á ensku eða íslensku. Sumir nemendur vilja eflaust leita að upplýsingum um einstakar persónur á enskum vefsíðum – meta skal hvernig best er að leggja þema kafans fram þannig að öllum nemendum sé mætt á sem bestan hátt, bæði hvað varðar tungumál og innihald.

Orð og setningagerðir kafans

- *pilot, airplane, planets, compass, glacier, astronaut, collection, map, photograph, telescope*
- *What did ...?*
- *Where did ...?*
- *When did ...?*

Málfræðileg áhersla

Þátíð sagna



Verkefnabók bls. 64-65

Námsmarkmið

Soon

- I can read and understand facts about explorers.
- I can understand when people tell about their collections.
- I can use the past tense when I talk and write.

Nemendur hafa áður kynnst þátíðarmynd bæði reglulegra og óreglulegra sagna en hafa hvorki unnið sérstaklega með þær né skoðað hvernig þær eru myndaðar. Í þessum kafla er *ed*-endingin skoðuð betur og vakin er athygli á tilbrigðum í stafsetningu og óreglulegri beygingu á t.d. sögnunum *to be* og *to have*. Rifjið fyrst upp það sem nemendur kunna um sagnorð. Þeir hafa bæði unnið með nútíð og samsetta nútíð og allir nemendur geta sagt setningar eins og *I play tennis. I'm good at playing tennis. Right now, I'm playing tennis*. Skrifðu sagnirnar á töfluna; þær verða skoðaðar síðar.

Skoðið bls. 64 í verkefnabókinni og lesið um *The easy verbs* og *The more difficult verbs*. Lesið setningarnar upphátt og veitið framburði *ed*-endingarinnar sérstaka athygli. Lítið á sagnirnar á töflunni og láttu nemendur skiptast á að segja frá því sem þeir gerðu í gær. Á eftir halda þeir áfram með því að leysa verkefni A-C í verkefnabókinni á bls. 64-65. Í verkefni C er unnið með sögnina *travel*. Á breskri ensku tvöfaldast samhljóðinn *l* alltaf á undan þátíðarendingunni –*ed*: *Last summer, they travelled all over the world*. Þessi regla á ekki við um ameríska ensku.

Nemendur sem eru fljótir að leysa verkefnið geta búið til eigin dæmi eins og í verkefni C eða þeir geta keppt hver við annan um að búa til setningar eins og í verkefni B og á eftir látið bekkjarfélaga setja hring um setningar í þátíð. Hér er upplagt að láta nemendur búa til setningar með orðaforða sem þeir þekkja úr eigin nærumhverfi þannig að öll áherslan sé á þátíðarendinguna.

A Read and find verbs

Strikaðu undir sagnorðin í þátíð.

B Read and circle

Dragðu hring utan um setningar í þátíð.

C Write in the past

Lestu setningarnar. Skrifaðu þær uppá nýtt í þátíð.



Drill

Lestu setningarnar. Umorðaðu þær þannig að þær verði í þátíð.

Nemendabók bls. 66-67

Kveikjumyndin

Byrjaðu alltaf á því að vinna með kveikjumyndina og notaðu hana til að koma af stað samtali á ensku

- *Tell me, what can you see in this picture?*
- *Where's the boy?*
- *What's he doing?*
- *What does he have in his room?*
- *Is his room like your room? What's the same? What's different?*

Nemendur þekkja mörg áhersluorðanna og geta gefið dæmi um hvernig hægt er að nota þau.

Would you like to become a pilot?

When do you use a map?

Do you keep photographs in your room?

Ný orð og setningagerðir

Hlustið á æfingaorðin og láttu nemendur vinna með þau. Þeir geta endurtekið orðin eða notað þau í setningar sem þeir búa sjálfir til:

- **Compass.** *I used a compass on a school trip.*
- **Collection.** *My father has a large collection of postcards from foreign countries.*

Notið setningagerðirnar og nemendur svara á sinn hátt. Þar sem kaflinn býður á mörg þátíðarform er góð hugmynd að spyrja um fyrri kafla þannig að nemendur geti gefið rétt svör

sem þeir þekkja, í þessu tilviki eru spurningarnar um 3. kafla, A trip to London.

- *What did Amelia do when she visited her family in London?*
- *Where did Amelia arrive when she went to London?*
- *When did Amelia go to London?*

Hlustið og skoðið kveikjumyndina

Skoðið kveikjumyndina saman og spilið hlustunartextana. Nemendur benda á persónur og athafnir og búa til setningar um myndina þegar búið er að hlusta á alla textana.

Hlustunartextar fyrir kveikjumyndina

1. *I am very interested in exploration. And I want to be able to find all the countries in the world. So I have a map on my bedroom wall. Write 1.*
2. *My great great-grandfather was an explorer. He visited a lot of countries. I have a lot of his stuff, including his compass. Write 2.*
3. *We normally hear about explorers who are men. But there are some very important women explorers. Amalie Earhart was one of them. I have a model of her aeroplane on my table. Write 3.*
4. *But not everything is about exploring. I like doing other things. I play football, and I even have a stamp collection. Write 4.*
5. *Space exploration is so exciting. Have you heard of Neil Armstrong? I have a telescope to look at the stars and planets. It was my great-grandfather's, too. Write 5.*
6. *I have my regular school stuff in my room, too. For example, you can see my rucksack over there on the floor. Write 6.*

Verkefnabók bls. 66-67

1 Listen and mark

Hlustaðu og skrifaðu rétta tölustafi í kassana.

2 Write the words

Skrifaðu rétt orð á línurnar.

3 Place the continents on the map

Skrifaðu nöfn heimsálfanna á landakortið.



Let's do Quiz-Quiz-Trade©

Í verkefninu æfa nemendur orðaforða sinn um landa- og álfuheiti.

Hver nemandi fær eitt spil. Með spil í annarri hendinni og hina höndina upprétta fara nemendur um bekkinn og leita að félagi. Þegar þeir finna félagi gefa þeir hvor öðrum fimmu. Nemandi A spyr spurningar sem stendur á spiliinu, t.d.: *England is placed on which continent? a/Asia b/Africa c/Europe*. Nemandi B svarar. Svo spyr nemandi B spurningar og A svarar. Áður en A og B kveðjast og fara að finna nýjan félagi skiptast þeir á spilum. Þannig hafa nemendur nýtt spil í hvert skipti sem þeir mæta nýjum félagi.

Nemendabók bls. 68-69

Let's look back

FIRST! What do you think the text is about?

Skoðið myndskreytingarnar og spurðu nemendur hvað þeir halda að textinn sé um. Þekkja þeir orðasambandið *Let's look back*? Farið yfir glósurarnar í sameiningu áður en hlustað er á Jack sem segir frá áhuga sínum á landkönnuðum og um þá hluti sem hann hefur safnað og hefur inni í herbergi hjá sér. Hann segir líka frá langalangafa sínum sem var vísindamaður og rannsakaði jökla.

Textinn er langur og inniheldur mörg ný orð. Því er mikilvægt að nemendur hafi tók á að hlusta á hann í smærri hlutum þannig að þeir kynnist innihaldinu vel og geti leyst tilheyrandi

verkefni í verkefnabókinni upp á eigin spýtur. Lesið saman *Did you know*-textann um Robert Falcon Scott og farið síðan í *Think and talk*. Hér geta nemendur m.a. rifjað upp lýsingarorð úr fyrri köflum, t.d. *brave, scared, dangerous* eða *famous* til að svara spurningunni: *What does it take to be an explorer?*

Verkefnabók bls. 68

4 Find information

Lestu setningarnar. Finndu svörin í *Let's look back* í nemendabókinni á bls. 69 og skrifaðu þau á línurnar.


5 Read and answer

Lestu textann á bls. 69 í nemendabókinni og finndu upplýsingar um langalangafa Jacks. Skrifaðu svörin á línurnar.



English at home

- Veldu fimm orð úr textanum *Let's look back*. Æfðu þig á orðunum og búðu til setningar með þeim. Lestu setningarnar upphátt.
- Ef þú hefðir verið landkönnuður fyrir 200 árum síðan, hvaða heimsálfu hefðir þú viljað kanna og hvað heldur þú að þú hefðir uppgötv að? Svaraðu á ensku með heilum setningum.



Nemendabók bls. 70-71

Across the Atlantic

FIRST! Have you been across the Atlantic? Hverju svara nemendur þegar þú spyrð hvort þeir hafi farið yfir Atlantshafið? Hvar hafa þeir verið og hversu lengi? Eru einhverjir staðir sem þeir hafa heyrt um og gætu hugsað sér að heimsækja? Vita þeir hvar enska er töluð?

Skoðið tímalínuna og myndskreytingarnar og farið yfir viðburðina. Meta skal hvort verja á meiri tíma í að finna frekari upplýsingar um einstaka persónur. Hlustið síðan á Ameliu sem segir frá nöfnu sinni, Ameliu Earhart, sem var fyrsta konan til að fljúga ein yfir Atlantshafið. Haldið áfram og vinnið verkefni 6-7 í verkefnabókinni.

Verkefnabók bls. 69

6 Mark the true sentences

Lestu Across the Atlantic í nemendabókinni á bls. 70 og settu kross við setningarnar sem eru sannar.

7 Circle the words

Hvernig heldur þú að Ameliu Earhart hafi liðið þegar hún flaug yfir Atlantshafið? Dragðu hring utan um orðin.

Let's
play

Let's play – Use the words and battle

Nemendur vinna með orðin *proud, scared, relieved, happy, sad, nervous, excited, angry, confused, tense, grateful, surprised*. Þeir hafa þegar talað um þau í verkefni 7 og nú eiga þeir að finna út hversu mörg þessara orða þeir geta notað í setningu. Nemendur eiga að geta lesið setningarnar upphátt og notað orðið á réttan hátt.

Önnur aðferð er að klippa út pappírsmiða með orðunum og setja þá í öskju. Nemendur draga miða hver á eftir öðrum. Þeir eiga að lesa orðið og nota það til að búa til setningu. Gerið þannig:

- *Proud. What does the word mean? Can you make a sentence using the word "proud"?*
- *I am proud to be in my class.*
- *Well done!*

Verkefnabók bls. 70-71

Farið yfir verkefni 8 og 9 áður en nemendur vinna með þau. Talið um teikningarnar og láttu nemendur segja orðin. Útskýrðu að tölustafurinn 1 merki að þar sé pláss fyrir merkisviðburð sem nemendur sjálfir velja. Misjafnt er hvað og hversu mikið nemendur skrifa í kassana. Hjálpaðu þeim á meðan, spurðu spurninga og hvettu þá til að fara eins djúpt í efnið og þeir geta. Í verkefni 9 skrifa þeir út frá eigin brjósti um sérstaka upplifun. Farið fyrst í gegnum dæmin í sameiningu.

8 Do you remember ...?

Fylltu kassana með upplýsingum um tíu merkisviðburði í lífi þínu. Settu jafnvel strik á milli texta og myndar.

9 Your first experience

Segðu frá því þegar þú upplifðir eitthvað í fyrsta skipti.

Let's do

Let's do Inside – Outside Circle©

Helmingur nemenda býr til hring og snýr bakinu inn að miðju hringsins. Hinn helmingurinn býr til annan hring utan um þannig að nemendur standi augliti til auglitis hver við annan. Nemendurnir í ytri hringnum byrja á að segja félagu sínum frá tímalínunni sem þeir bjuggu til í verkefni 8. Síðan segir nemandinn í innri hringnum frá sinni tímalínu. Gefðu hverjum nemanda fimm mínútur til að segja frá hápunktunum áður en ytri hringurinn færir sig um eitt pláss til hægri og allir fá nýjan féлага sem þeir endurtaka frásögnina fyrir.

Nemendabók bls. 72-73

Off to the moon

FIRST! Look at the pictures. What do you see?

Kannast nemendur við myndina af Neil Armstrong? Hvað dettur þeim í hug þegar þeir sjá pláneturnar? Hafa einhverjir mikinn áhuga á geimnum og plánetunum? Hvaðan sækja þeir þekkingu sína?

Hlustið á textann og nemendur lesa með í bókinni. Finndu krækju á vefsvæðinu og horfið saman á myndbandið. Vinnið síðan með verkefni 10-11 í verkefnabókinni. Nemendur fylla út hugarkortið með upplýsingum úr textanum. Hægt er að láta nemendur vinna verkefni 11 í pörum og æfa sig í að útskýra hvers vegna þeir svara eins og þeir gera. Snúið ykkur að textanum **Space exploration** og nemendur svara spurningunum þremur. Meta skal hvort nemendur eigi að giska á spurningu 3 eða hvort þeir megi leita sér upplýsinga á netinu.

Verkefnabók bls. 72

10 Make a mindmap

Lestu *Off to the moon* í nemendabókinni á bls. 72 og fylltu út hugarkortið.

11 Odd one out

Dragðu hring um þau orð sem ekki passa við hin orðin.

Let's do



Let's do – Flashcard Game©

Dreifðu ljósritinu. Nemendur velja 12 orð úr glósum kaflans sem þeir vilja vinna áfram með. Þeir skrifa enska orðið öðrum megin á blaðið og íslenska orðið hinum megin. Nemendur vinna saman í pörum og keppa hvor við annan. Þeir safna spilunum í bunka. Nemendi A sýnir nemanda B aðra hliðina á fyrsta spilinu og hann á að segja orðið á íslensku/ensku. Ef nemandi B svarar rétt má hann halda spilinu. Ef svarið er rangt fer spilið aftur í bunkann hjá nemanda A. Þegar nemandi A er búinn að fara í gegnum sinn bunka og nemandi B hefur unnið öll spilin skipta þeir um hlutverk.

Nemendabók bls. 74-75

Collectors

FIRST! What things do people collect?

Nemendur skoða myndirnar og stinga upp á hlutum sem hægt er að safna. Taktu eftir hvað nemendur muna eftir mörgum áhersluorðum og það má gjarna skrifa allar hugmyndirnar upp á töflu.

Nemendur taka eftir að fyrsti hluti textans fjallar aftur um Jack og safn hans frá langalangafa og þess vegna getur passað vel að taka Think and talk fyrir núna.

Hlustið á textann Collectors og nemendur lesa með í bókinni. Láttu þá lesa upphátt í þriggja manna hópum og æfa samtalið. Sumir nemendur komast yfir að lesa öll þrjú hlutverkin á meðan aðrir einbeita sér að því að æfa eitt hlutverk. Ef tími er til má láta nemendur búa til nýtt samtal sem fjallar um hvað þeir eru með inni í sínum herbergjum. Vinnið síðan

áfram með bloggkaflana þrjá og láttu nemendur vinna með þá tvo og tvo saman eða í litlum hópum. Áður en þeir takast á við verkefnið í verkefnabókinni eiga þeir að skiptast á að spyrja og svara:

- *What does the person collect?*
- *Why does the person have a collection?*
- *Where does the person go to find new items to the collection?*
- *What do you collect?*

Verkefnabók bls. 73

12 Listen and answer

Hlustaðu á *Young collectors* og finndu út hver er að segja hvað um safnið sitt.

13 Are you a collector

Spurningaleikur. Svaraðu spurningunum og finndu út hvort þú sért safnari.

ENGLISH AT HOME

English at home

- Skoðaðu myndirnar af froskinum, bílunum og myntunum. Renndu aftur yfir textann. Veldu þér texta til að vinna frekar með. Skrifðu nokkur orð sem þér finnst vera lykilorð úr textanum niður. Æfðu þig í að segja 2-3 atriði um textann og notaðu orðin til stuðnings.
- Taktu viðtal á ensku við einhvern sem þú þekkir. Gjarna einhvern eldri. Byrjaðu á að búa til a.m.k. 4 spurningar sem fjalla um að safna einhverju. Td. Hverju safnar/safnaðir þú? Hversu mikið safn átt/áttir þú? Hvernig gekk þér að fá hluti í safnið? Áttir þú einhvern uppáhaldshlut í safninu?



Let's do more – Leiðsagnarmat

Nemendur vinna saman í pörum með verkefnið *Do you remember?* Hér geta þeir rifjað upp orðaforða og innihald úr textum kaflans. Það er tilvalið að nota verkefnið sem lið í leiðsagnarmatinu þar sem þú sem kennari getur fylgst með því hvernig nemendur fást við spurningarnar og hvaða aðferðir þeir nota.

Gerðu þannig:

Nemendur skiptast á að kasta teningi. Punktarnir sýna hvaða spurningu þeir skulu vinna með. Einn nemandi les spurninguna upphátt og annar nemandi svarar.

Tilbrigði: Vinnið verkefnið saman og talið um hvernig hægt er að svara spurningunum sem best.



Save the oceans

Í síðasta kafla vetrarins er athyglinni beint að umhverfinu og nemendur lesa texta, þ.á m. samtöl, upplýsingatexta, mataruppskrift og fyrirmæli. Í kaflanum fara Amelia og Jack, sem við þekkjum nú þegar, með nemendur í ferð til Galway Beach og deila upplifunum sínum og vangaveltum. Þegar þau finna flöskuskeyti ákveða þau að heimsækja stærsta sædýrasafn Írlands, *The Galway Atlantaquaria*, og sú ferð verður þeim hvatning til að leiða hugann að því hvernig þau geti lagt sitt af mörkum fyrir umhverfið, m.a. með því að lesa um samtökin *4Ocean* og *Take 3 for the Sea*. Það er tilvalið að líta betur á staðsetningu Írlands og *The Galway Atlantaquaria*, og það er líklegt að nemendur verði hrifnir af fínunum armböndum sem hægt er að kaupa hjá *4Ocean*.

Orð og setningagerðir kaflans

- *octopus, rubbish, duck, turtle, beach, bracelet, shark, tidy up, bottle, sea*
- *These are ...*
- *Those are ...*
- *Look at ...*

Málfræðileg áhersla

- Notkun á *these* og *those* m.t.t. staðsetningar.

Verkefnabók bls. 76-77

Námsmarkmið

Soon

- I can understand and use words that are related to sea life.
- I can read and understand facts about fish.
- I can express my opinion about people who try to make a difference.
- I know the difference between *these* and *those*.

These – those?

Nemendur skoða myndskreytingarnar á bls. 76 og lesa setningarnar. Skilja þeir í hverju munurinn liggur? Lestu skýringuna í appelsínugula rammanum og legðu áherslu á að við notum *these* þegar við tölum um eitthvað í ft. sem er nálægt okkur en *those* til að lýsa hlutum í ft. sem eru lengra í burtu. Áður en nemendur byrja á verkefnunum er upplagt að láta þá æfa sig í að nota *these* og *those*. Láttu þá vinna saman tvo og tvo og finna hluti í kennslustofunni, t.d.: *These are my books. Those are Emma's books.*

A These or those?

Skoðaðu myndirnar og lestu setningarnar. Skrifðu *These* eða *Those* á línurnar.

B Use *these* or *those* and finish the sentences

Lestu orðin og skrifaðu setningar sem passa við þau. Notaðu *These* eða *Those*.

- *These words are verbs. Those words are adjectives.*
- *These are my favourite words. Those are your favourite words.*



Drill

Vinnið með verkefnið á vefsvæðinu.



Nemendabók bls. 78-79

Kveikjmyndin

Byrjaðu alltaf á því að vinna með kveikjmyndina og notaðu hana til að koma af stað samtali á ensku.

- Tell me, what can you see in this picture?
- Find the seahorse. Find a crab.
- What can you find at the bottom of the sea?
- Have you seen any of these things at the bottom of the sea?

Ný orð og setningagerðir

Hlustið á æfingaorðin og láttu nemendur vinna með þau. Þeir geta endurtekið orðin eða notað þau í setningar sem þeir búa sjálfir til:


- **Octopus.** The octopus is bigger than the yellow fish.
- **Rubbish.** It's a bad idea to throw rubbish in the sea.
- **Shark.** Who can help me describe the shark? Yes, you're right. The shark is grey and maybe it's dangerous too.

Notið setningagerðirnar og nemendur svara á sinn hátt.

- Look at the bottle. What's in it?
- Look! These fish are yellow.

Hlustið og skoðið kveikjmyndina

Skoðið kveikjmyndina saman og spilið hlustunartextana. Nemendur benda á persónur og athafnir og búa til setningar um myndina þegar búið er að hlusta á alla textana.



Hlustunartextar fyrir kveikjmyndina

1. An octopus is a strange animal. It has eight arms. Octopuses do not have any bones in their bodies. What colour is the octopus? Write 1.
2. Some sea animals are very intelligent. The dolphin is one of them. They also like to play in the water. Maybe one day I will play with dolphins in the sea. Write 2.
3. Many different kinds of animals and fish live in the sea. Some are very big, and others are tiny. The blue whale is huge. It is the biggest animal in the sea. Can you spot the blue whale? Write 3.
4. Seahorses are very interesting. The smallest seahorses are about 1 centimetre long. The biggest seahorses are over 35 centimetres long. Look carefully at the seahorse in the picture. Why do you think this animal is called a seahorse? Write 4.
5. In the old days, people who were in trouble at sea sometimes sent a message for help. They didn't have telephones or internet. So, they sent a message in a bottle. Write 5.
6. We must look after the wildlife and not throw rubbish, like plastic or bottles, on the beach or into the sea. Next time you go to the beach, you must remember to tidy up and take your rubbish home with you. Write 6.

Verkefnabók bls. 78

1 Listen and mark

Hlustaðu og skrifaðu rétta tölustafi í kassana.

2 Where is it?

Skoðaðu kveikjmyndina. Lestu setningarnar og settu inn orðin sem vantar.

Let's
play

Let's play – Please ...

Skrifaðu forsetningarnar úr verkefni 2 á töfluna og bættu við eftirfarandi orðum frá 3. kafla í verkefnabókinni, bls. 28: *from, to, opposite, turn around, between*. Leikið *Simon says*, en skiptið *Simon says* út fyrir orðið *Please*, t.d.: *Please place your hand above your head* (allir nemendur setja höndina upp fyrir höfuð), eða: *Place your hand above your head* (nemendur aðhafast ekkert því orðið *please* vantar).

Nemendabók bls. 80-81

Message in a bottle

FIRST! What do you do at the beach?

Hér geta allir nemendur verið með og talað um hvað þeir gera yfirleitt í fjörunni. Skoðið myndskreytingarnar og láttu nemendur lýsa þeim. Hverja sjá þeir? Hvað eru krakkarnir að gera? Hvað hafa þau komið auga á? Hvað er í og utan á flöskunni? Hlustið á textann og nemendur lesa með í bókinni. Á eftir lesa þeir samtalið tveir og tveir saman eða í fjöggra manna hópum. Minntu nemendur á að gæta að hljómfalli (undrun, hræðslu, hrifningu) og æfa framburðinn. Ef þeir eru í vafa geta þeir hlustað á samtalið aftur eða beðið um hjálp. Segðu þeim að hugsa um spurninguna í *Think and talk: What would your message in a bottle say?* Þegar þeir eru sammála um eina eða tvær tillögur eru þær skrifaðar niður og farið er yfir allar tillögurnar í sameiningu. Síðan vinna nemendur með verkefni 3-4 í verkefnabókinni.

Verkefnabók bls. 79

3 True or false?

Lestu *Message in a bottle* í nemendabókinni á bls. 80. Skrifaðu T eða F við fullyrðingarnar. Endurskrifaðu röngu setningarnar svo þær verði réttar. Lestu þær upphátt fyrir félagi.

4 Find 8 words related to water

Finndu átta orð sem öll tengjast vatni.

ENGLISH
AT
HOME

English at home

- Búðu til þitt eigið flöskuskeyti. Þú mátt skrifa um það sem þú vilt en það þarf að vera samhengi í textanum. Notaðu amk. eitt sagnorð, eitt nafnorð og eitt lýsingarorð (gjarna fleiri) úr textanum á bls. 81 í nemendabókinni.
- Skoðaðu myndirnar á blaðsíðu 80 og 81 í nemendabókinni. Búðu til hugarkort með orðinu SEA í miðjunni. Þú getur skrifað hvað sem þér dettur í hug út frá myndunum.

Nemendabók bls. 82-83

Fantastic fish facts

Á þessari opnu fá nemendur kynningu á þremur ólíkum fiskum: flugfiski, tunglfiski og mandarínfiski. Áður en þeir lesa textana er góð hugmynd að tala um hvað einkennir upplýsingatexta og einkum hvaða aðferðir hægt er að nota við lestur á þeim. Talið síðan um myndirnar og nemendur lýsa þeim: *Let's look at the picture of the flying fish. Who can describe what it looks like?* Nemendur nota þekktar setningagerðir, *It has ...* og *It is* til að nota við lýsingarnar.

Lesið tilsvör Ameliu og Jacks upphátt og lítið einnig á tilvitnunina til vinstri. Hlustið svo á textana einn í einu. Stoppið eftir hvern texta og takið efnid saman, t.d.:

- *So, what's special about flying fish? Yes, you're right. They have fins that look like wings.*
- *Look through the text again and find out how far they can fly.*

Haldið áfram á sama hátt með hina tvo textana og láttu nemendur finna svipuð orð á íslensku. Þeir uppgötva að þeir geta auðveldlega borið kennsl á heiti yfir mál og vog.

We have learnt that fish come in all shapes and sizes. Now and then, skim through the text again and see if you can find out how far the flying fish can jump, and how much the ocean sunfish weighs. Láttu nemendur lesa textana upphátt í pörum og haldið áfram með verkefni 5-7 í verkefnabókinni. Takið ykkur góðan tíma þar sem öll verkefni þrjú eru ritunarverk-

efni. Í verkefni 5 skrifa nemendur setningar úr textanum sem passa við rétta mynd en í verkefni 6 semja þeir sjálfir setningar. Í verkefni 7 rifja þeir upp sagnorðin og nota þau í setningar sem þeir finna upp sjálfir.

Verkefnabók bls. 80-81

5 Read and sort

Lestu setningarnar og skrifaðu þær við rétta mynd.

6 Choose and write sentences

Taktu orð úr römmunum og skrifaðu eigin setningar. Berðu þínar setningar saman við setningar sem bekkjarfélagi þinn skrifaði.



7 Circle and write the verbs

Dragðu hring utan um sagnorðin og skrifaðu þau á línurnar. Veldu tvö sagnorð og skrifaðu þínar eigin setningar um fisk.

ENGLISH AT HOME

English at home

- Búðu til þitt eigið *Fantastic fish fact*. Veldu þér sjávardýr sem þú þekkir eða finndu upplýsingar á netinu/ í fræðibókum. Skrifaðu 3 setningar um dýrið. Teiknaðu gjarna mynd með.
- Finndu 5 sagnorð og 5 lýsingarorð í textunum á bls. 82 og 83 í nemendabók. Skrifaðu 2 setningar þar sem þú notar einhver af þessum orðum.

Nemendabók bls. 84

Let's cook

Flestir nemendur hafa smakkað fiskinagga og geta úr frá myndunum getið sér til um hvernig þeir eru búnir til. Nemendur fara í gegnum uppskriftina tveir og tveir saman og æfa sig í að lesa hana upphátt. Á eftir vinna þeir hver og einn með verkefni 8 í verkefnabókinni á bls. 82. Hér lesa þeir uppskriftina aftur og setja myndirnar í rétta röð. Í verkefni 9 sýna þeir að þeir geti bent á orð sem tengjast matargerð og skrifa þau á línurnar.

Verkefnabók bls. 82

8 Write the correct number

Lestu uppskriftina og skrifaðu tölustafina við rétta mynd.

9 Circle the cooking words in the recipe and write them

Dragðu hring utan um þau orð sem tengjast eldamennsku og skrifaðu þau á línurnar.

Nemendabók bls. 85

Nemendur byrja á að lesa Did you know-textann um Crazy containers. Minntu nemendur á hversu mikilvægt er að nota góðar lestraraðferðir og láttu þá leita að gagnsægjum orðum í textanum. *Let's look through the text and see if we can find words that are almost the same in English and Icelandic. Yes, you're right... storm, full, ship, sank, plastic, Hawaii, Japan, Australia, Africa, Scotland.*

Haldið áfram og vinnið verkefni 10-12 á bls. 83 í verkefnabókinni. Hér einbeita nemendur sér að nýjum orðaforða og nota lýsingarorð til að lýsa myndinni.

Buy a bracelet and save the oceans

Skoðið myndina af armbandinu og hlustið á Ameliu og Jack sem tala um samtökin 4Ocean. Farið á vefsvæðið og skoðið mismunandi armbönd. Hvað finnst nemendum flottast og af hverju? Hvað kostar uppáhaldsarmbandið þeirra mikið?

ENGLISH AT HOME

English at home

- Lestu uppskriftina að fiskinöggum á bls 84. Lestu aftur yfir lýsinguna á aðferðinni. Leggðu blað eða bók yfir textann þannig að þú sjáir bara myndina og æfingaorðin. Reyndu að útskýra (gjarna fyrir einhverjum sem ekki hefur lesið síðuna) hvernig á að búa til fiskinagga út frá myndunum.
- Búðu til stikkorðalista fyrir hvert atriði í aðferðalýsingunni með uppskriftinni. Skrifðu 2-3 orð fyrir hvert af atriðunum 8. Td.:
 - Cut – fingersized
 - Roll – nuggets – flour...

Verkefnabók bls. 83

10 Find new words

Lestu *Crazy containers* í nemendabókinni á bls. 85 og skrifaðu ný eða erfið orð.

11 Look and write

Skoðaðu myndina og skrifaðu lýsingarorð sem lýsa henni.

12 Read and circle

Lestu textann og dragðu hring utan um orðin.

Let's
play

Let's play – Battle with words

Nemendur vinna með orðin úr verkefni 12 og eiga nú, innan tímamarka, að skrifa setningar og nota eins mörg af þessum orðum og þeir geta. Þeir eiga að lesa setningarnar upphátt og orðin eiga að vera rétt notuð.

- **These.** *What does the word "these" mean? Can you make a sentence using the word "these"? These are my books. Well done!*

Önnur aðferð er að klippa út pappírsmíða með orðunum og setja þá í öskju. Nemendur draga míða hver á eftir öðrum. Þeir eiga að lesa orðið og nota það til að búa til setningu.

Nemendabók bls. 86-87

Take 3 for the Sea!

Síðasti texti kaflans fjallar um samtökin *Take 3 for the Sea* sem hvetja alla til að taka þátt í að vernda hafið. Stofnandi samtakanna, Tim Silverwood, er þeirra skoðunar að hægt sé að gera mikið á einfaldan hátt, nefnilega með því að taka þrjár einingar af rusli með sér þegar maður fer heim úr fjörunni. Skoðið teikninguna saman og lesið slagorðin. Láttu nemendurna segja frá því sem teikningin sýnir og þeir lesa *Three steps* upphátt. Hlustið líka á tilvitnunina í Tim Silverwood.

Áður en nemendur vinna með síðustu verkefni í verkefnabókinni geta þeir búið til sín eigin slagorð. Lesið áskorunina á bls. 87 og síðan vinna nemendur hver fyrir sig. Sumir þeirra skrifa eitt slagorð en aðrir skrifa lengri texta með góðum ráðum. Farið yfir allar hugmyndirnar í sameiningu. Ljúkið kaflanum með verkefnum 13-14 í verkefnabókinni.

Verkefnabók bls. 84

13 Save-a-Turtle

Lestu textann og skoðaðu myndirnar. Reiknaðu út hvað Jack og Amelia þurfa að borga mikið. Skrifðu niður það sem þú myndir vilja kaupa.

14 Read and find information


Lestu *Buy a bracelet and save the ocean* í nemendabókinni á bls. 85 og *Take 3 for the Sea* á bls. 86. Svaraðu spurningunum.

Let's do more – Leiðsagnarmat

Nemendur vinna saman í pörum með verkefni Do you remember? Hér geta þeir rifað upp orðaforða og innihald úr textum kaflans. Það er tilvalið að nota verkefnið sem lið í leiðsagnarmatinu þar sem þú sem kennari getur fylgst með því hvernig nemendur fást við spurningarnar og hvaða aðferðir þeir nota. Gerðu þannig:

Nemendur skiptast á að kasta teningi. Punktarnir sýna hvaða spurningu þeir skulu vinna með. Einn nemandi les spurninguna upphátt og annar svarar.

Tilbrigði: Vinnið verkefnið saman og talið um hvernig hægt er að svara spurningunum sem best.



Yfirlit yfir efni til útrentunar og spil fyrir samvinnunám

Kafli	Ljósrit	Spil fyrir samvinnunám
1 What's your sport?	Find someone who WB s. 6 Magic words TB s. 14 Leiðsagnarmat: Do you remember?	Quiz-Quiz-Trade WB s. 8 Mix-N-Match WB s. 22
2 Wizards and witches	Find someone who WB s. 25 Magic words TB s. 26 Leiðsagnarmat: Do you remember?	Quiz-Quiz-Trade WB s. 18
3 A trip to London	Sort the words WB s. 33 Flashcard Game WB s. 37 Magic words TB s. 38 Leiðsagnarmat: Do you remember?	Quiz-Quiz-Trade WB s. 31
4 Wild animals	Flashcard Game WB s. 43 Guess the animals WB s. 45 Magic words TB s. 52 Leiðsagnarmat: Do you remember?	Quiz-Quiz-Trade WB s. 49
5 My passion	Make your own dialogue WB s. 57 Flashcard Game WB s. 60 Magic words TB s. 64 Leiðsagnarmat: Do you remember?	Mix-N-Match WB s. 58
6 Collectors	Flashcard Game WB s. 72 Magic words TB s. 76 Leiðsagnarmat: Do you remember?	Quiz-Quiz-Trade WB s. 67
7 Save the oceans	Magic words TB s. 88 Leiðsagnarmat: Do you remember?	

Símat

Yes we can 5 – Teacher's Book

ISBN 978-9979-0-2663-1

Bókin er hluti af heildstæðu enskuefni fyrir yngsta- og miðstig.
© Alinea

Höfundar danskrar og noskrar útgáfu
Mie Schrøder, Louise Holst Tollan
Ellen M.Tudor Edwards, Mona Evelyn Flognfeldt
og Elisabeth Moen

Ritstjórn danskrar útgáfu: Mie Schrøder, Lise Parnam
Hönnun: Sysser Bengtsson
Teikningar: Anja Gram, Tora Marie Norberg

Ljósmyndir
bls. 37 og 53 Shutterstock

Heimildir
Samvinnunám bls. 9-10, ©Kagan Cooperative
i Learning • Spencer Kagan • Jette Stenlev • Alinea

Ritstjóri íslenskrar útgáfu: Arna Guðríður S. Sigurðardóttir
Þýðandi: Sigurlaug Gunnarsdóttir
Staðfæring: Ástríður Einarsdóttir
Yfirlstur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2021
Menntamálastofnun
Kópavogi

Bókin er gefin út á Íslandi með leyfi Alinea
Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða
í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefenda.

Yes we can er heildstætt námsefni í ensku fyrir yngsta og miðstig. Efnið byggir á grunnþáttum aðalnámskrár grunnskóla og hæfni-
viðmiðum fyrir erlend tungumál. Því er ætlað að auka hæfni
nemenda til þess að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í
fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Efnistöð eru fyrst
og fremst úr hversdagslífi nemenda og miða að því að víkka
þekkingu og skilning á daglegu lífi og menningarheimi ensku-
mælandi þjóða og hlutverki einstaklingsins í alþjóðasamfélagi.

Áhersla er á samfelldan texta sem höfðar til nemenda og
fjölbreytt verkefni sem byggja á textunum. Hlustun og
málnotkun eru í fyrirrúmi en áhersla á lestur og ritun eykst
markvisst eftir því sem líður á námið.

Námsmat er hluti af námsefninu og áhersla er lögð á þátttöku
nemenda í mati á eigin námsstöðu og aukinni meðvitund um
eigin námsaðferðir og vinnulag.

Yes we can 5 samanstendur af

- nemendabók (einnig rafbók)
- verkefnabók (einnig rafbók)
- kennsluleiðbeiningar (kennsluleiðbeiningum á rafbók)
- vefefni fyrir nemendur og kennara

Í **Yes we can 5** fá nemendur ríkuleg tækifæri til að

- þjálfra hlustun og tal
- lesa og vinna með mismunandi texta
- þjálfra mismunandi tegundir ritunar
- vinna fjölbreytt skapandi verkefni á eigin forsendum
- fá innsýn í hnattræn málefni